

Stöndum saman

Heiða Björg Hilmisdóttir, nýkjörinn formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í forsíðuviðtali

Ástæður þess að konur hætta í sveitarstjórn

Sjálfbærni – enn ein bólan?





Þjónusta við sveitarfélög og stofnanir

Starfsmenn Enor hafa áralanga reynslu af fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, skjóta og góða þjónustu og höfum á að skipa traustu starfsfólki með mikla starfs- og verkefnareynslu.

Endurskoðun

- Ytri endurskoðun
- Innri endurskoðun
- Ferlagreiningar og innra eftirlit
- Önnur staðfestingarvinna

Skattaráðgjöf

- Ráðgjöf og úrlausnir flókinna skattamál
- Ráðgjöf tengd virðisaukaskatti
- Ráðgjöf og úrlausnir á sviði félagaréttar
- Stofnun félaga, slít, samrunar, skiptingar ofl.

Reikningsskil

- Aðstoð við gerð reikningskila
- Úrlausn álitamála og flókinna viðfangsefna
- Ráðgjöf tengd fjárhagsáætlanagerð

Önnur ráðgjöf

- Hagkvæmniathuganir
- Verðmat félaga og rekstrareininga
- Ýmis önnur ráðgjöf

Við tökum vel á móti þér




Innsæi skapar tækifæri

Væntingar til þjónustu sveitarfélaga hafa aukist mikið undanfarin ár og krafan um ábyrga og markvissa fjármálastýringu sömuleiðis.

Sérfræðingar KPMG hafa þróað og innleitt stjórnendamælaborð hjá mörgum sveitarfélögum sem veita stjórnendum þeirra aukna yfirsýn og tækifæri til umbóta.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar við sveitarfélög er að finna á vef KPMG, kpmg.is



Útgefandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, 5. hæð
105 Reykjavík
Sími: 515 4900
samband@samband.is
www.samband.is
ISSN-0255-8459

Ritstjóri:

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)
valur@samband.is

Ritstjórn:

Valur Rafn Halldórsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

Blaðamaður:

Garðar H. Guðjónsson
gaji@mmedia.is

Auglýsingar:

Samband íslenskra sveitarfélaga

Umbrot:

Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun:

Prentmet Oddi -
Svansvottuð prentsmiðja

**Dreifing:**

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út
2-3 sinnum á ári. Áskriftin kostar 4.000
krónur.

Gengið er frá áskrift í síma 515 4900 eða
á netfangið samband@samband.is

Forystugrein

5 Þung undiralda en umræðan fagleg og uppbyggileg

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

10 Ástæður þess að konur hætta í sveitarstjórnnum

Ásta F. Flosadóttir MPA í opinberri stjórnsýslu
og fyrrverandi sveitarstjórnarfulltrúi.

Forsíðuviðtal

20 Stöndum saman

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Heiðu Björgu
Hilmisdóttur, formann sambandsins.

29 Stafrænni sveitarfélög – hvað felst í því?

Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns
umbreytingateymis sambandsins.

32 Sjálfbærni – enn ein bólan?

Þórdís Sveinsdóttir, lánastjóri Lánasjóðs
sveitarfélaga ohf.

38 Sveitarfélög í dauðafæri

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúi sambandsins
í Landsáætlun í skógrækt.

41 Hringrásarhagkerfið í sjónmáli

Þorgerður María Þorbjarnardóttir,
jarðfræðingur og sérfræðingur í
umhverfismálum á skrifstofu Sambands
íslenskra sveitarfélaga.

Forsíðumynd:

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ljóm.: Haraldur
Guðjónsson.



Þung undiralda en umræðan fagleg og uppbyggileg

Karl Björnsson
Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Landsþing sambandsins, sem haldið var á Akureyri 28.-30. september síðastliðinn er almennt talið hafa heppnast mjög vel. Það voru ánægðir og jákvæðir fulltrúar nær allra sveitarfélaga sem tóku virkan þátt í þinginu og unnu vel að þróun stefnumörkunar sambandsins fyrir árin 2022-2026.

Óásættanlegt að ríkið skili auðu

Þung undiralda mótaði umræðuna. Fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur þróast til hins verra undanfarin ár. Sveitarstjórnarstigið í heild getur varla talist fjárhagslega sjálfbært að öðru óbreyttu þó vissulega standi einstök sveitarfélög betur en önnur. Að ósk sambandsins var skipuð svokölluð tekjustofnanefnd, með þátttöku ríkis og sveitarfélaga, sem nú hefur starfað í eitt og hálf ár. Eitt meginverkefni nefndarinnar var að leita lausna við að auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga þannig að þjónusta við íbúa verði sem best tryggð. Í þessari vinnu hafa fulltrúar ríkisins skilað auðu, a.m.k. enn sem komið er. Slík afstaða er óásættanleg og getur ekki talist fagleg ef horft er til þeirra upplýsinga sem nú þegar liggja fyrir.

Við berum sameiginlega ábyrgð

Auknar skyldur og kröfur um bætt þjónustu í málefnum fatlaðs fólks hafa verið lögfestar. Ríki og Alþingi sýna mikinn metnað fyrir hönd sveitarfélaga í þessum málaflokki. Það gerir sveitarstjórnarfólk að sjálfsgöðu einnig. En aukin og bætt þjónusta leiðir af sér vaxandi útgjöld sem skýra að stórum hluta versnandi afkomu sveitarfélaga undanfarið. Ríki og Alþingi þurfa að fylgja eftir nýjum og krefjandi lagaskyldum í þessum málaflokki með því að beina auknu fjármagni til sveitarfélaga. Landsþingið kallaði samhljóða eftir meira fjármagni frá ríkinu vegna þessa og samþykkt var sérstök ályktun þingsins í þá veru. Verður því vart trúað að þeir sem þar ráða ferðinni skelli skollaeyrum við þessu ákalli.

Eins og oft hefur komið fram í viðræðum við ríkið kalla sveitarfélögin eftir viðurkenningu á því að sú þjónusta sem ríki og sveitarfélög veita íbúum þessa lands sameiginlega eigi að fjármagna á sanngjarnan hátt. Það á ekki að skipta máli hvor aðilinn veitir hana. Sífelldum deilum milli aðila um kostnaðarábyrgð og fjármögnun verður að linna. Við erum ekki andstæðingar – við erum samherjar og berum sameiginlega ábyrgð gagnvart því fólki sem þarf á þjónustunni að halda.

Nú í október hittist sveitarstjórnarfólk enn á ný á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Þetta er stærsta samkoma sveitarstjórnarfólks sem haldin er árlega. Búast má við yfir 400 þátttakendum, bæði kjörnum fulltrúum og öðrum stjórnendum sveitarfélaga. Frjóar umræður og áhugaverð erindi bíða þeirra sem ráðstefnuna sækja.

Gangi ykkur vel.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU
OG REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.trs.is - 480-3300

Ein heild í þína þágu

Konur í fyrsta sinn í meirihluta í sveitarstjórnnum landsins

Konur skipa í fyrsta sinn meirihluta fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum 14. maí síðastliðinn. Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum hefur aukist jafnt og þétt í undangengnum kosningum. Þær voru 35,9 prósent sveitarstjórnarmanna eftir kosningarnar 2006 en eru nú 50,4 prósent fulltrúa í sveitarstjórnnum.

”
Endurnýjun er að
meðaltali minnst á
suðvesturhorni landsins,
35% í Reykjavík og 45%
á höfuðborgarsvæðinu að
öðru leyti.

Þetta kemur fram í samantekt Sambands Íslenskra sveitarfélaga um niðurstöður kosninganna í maí. Þá kemur fram að sveitarfélögum hefur fækkað um 15 frá 2006, úr 79 í 64.

Sem fyrr varð mikil endurnýjun í röðum sveitarstjórnarmanna eða að meðaltali um 55 prósent. Það er svipað og í undangengnum kosningum en endurnýjun í sveitarstjórnnum hefur numið 54-57 prósentum frá kosningunum 2010. Mikill munur er þó á endurnýjun eftir sveitarfélögum og kjördæmum. Þannig eru 35 prósent borgarfulltrúa í Reykjavík nýir og aðeins 18 prósent bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Endurnýjun er að meðaltali minnst á suðvesturhorni landsins, 35 prósent í Reykjavík og 45 prósent á höfuðborgarsvæðinu að öðru leyti. Mest endurnýjun varð á Suðurlandi eða 69 prósent. Þar og í fleiri kjördæmum á landsbyggðinni eru allmörg dæmi um algjöra endurnýjun í sveitarstjórnnum.

	2022	2018	2014	2010	2006
Sveitarfélög	64	72	74	76	79
Óbundin persónukosning	13	16	18	18	19
Sjálfkjörið	2	1	3	4	2
Hlutbundin kosning	49	55	53	54	58

Tafla 1: Fjöldi hlutbundinna, óhlutbundinna og sjálfkjörinna framboða frá 2006.

Í kosningunum fór fram óbundið persónukjör í 13 sveitarfélögum, í tveimur sveitarfélögum var sjálfkjörið, en í 49 sveitarfélögum fór fram hlutbundin listakosning, samanber yfirlit í töflu 1 og samanburð við kosningar 2018, 2014, 2010 og 2006.

470 kjörnir sveitarstjórnarmenn

Samtals eru kjörnir sveitarstjórnarmenn 470 og hefur þeim fækkað um 32 frá kosningunum 2018. Fækkunin stafar af sameiningu sveitarfélaga. Á sama tíma var kjörnum fulltrúum fjölgað í einhverjum sveitarfélögum.

	2022	2018	2014	2010	2006
Fulltrúar	470	502	504	512	529
Þar af konur	237	237	222	204	190
Hlutfall kvenna	50,4%	47,2%	44,0%	39,8%	35,9%
Þar af karlar	233	265	282	308	339
Hlutfall karla	49,6%	52,8%	56,0%	60,2%	64,1%

Tafla 2: Fjöldi fulltrúa og hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum frá 2006.



Konur eru í meirihluta sveitarstjórna í fyrsta sinn eftir kosningarnar vorið 2022.

Ljósmynd: Pedro myndir

Breyting á sveitarfélagaskipan

Við upphaf kjörtímabilsins 2018-2022 voru sveitarfélögin 72 og hafði þeim fækkað um tvö kjörtímabilið þar á undan. Á kjörtímabilinu urðu nokkrar breytingar á skipan sveitarfélaga, auk tveggja nafnabreytinga. Í upphafi árs 2019 fékk sameinað sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs nafnið Suðurnesjabær og á sama tíma breytti Akureyrarkaupstaður nafni sínu yfir í Akureyrarbæ.

Fyrsta sameining tímabilsins átti sér stað í upphafi árs 2020 þegar fjögur sveitarfélög á Austurlandi mynduðu **Múlaþing**. Sveitarfélögin fjögur voru Borgarfjarðarhreppur, Djúpvogshreppur, Fljótaldshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður.

Undir lok kjörtímabilsins tóku síðan fimm sameiningar gildi. Sveitarfélögin Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps sameinuðust undir nafni **Þingeyjarsveitar**. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur sameinuðust undir nafni **Langanesbyggðar**, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur sameinuðust yfir undir nafninu **Skagafjörður og Húnabyggð** varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Fimmta sameiningin var hjá **Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit** en þegar þetta er skrifað hefur ekki verið tekin ákvörðun um nafn hins sameinaða sveitarfélags.

Við upphaf kjörtímabilsins 2022-2026 voru sveitarfélögin því 64 og hafði fækkað um átta á kjörtímabilinu á undan.

Könnun á sameiningarkostum

Samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2022 var gerð könnun í Dalabyggð um það hvort sveitarfélagið ætti að hefja sameiningarviðræður við nærliggjandi sveitarfélög. Af 304 sem greiddu atkvæði voru 240 fylgjandi því að kanna sameiningu, mótfallnir voru 22 en 42 höfðu ekki skoðun.

Af þeim sameiningarkostum sem gefnir voru upp þótti sameining við Stykkishólms/ Helgafellssveit vænlegastur að mati 88 kjósenda, en 71 taldi sameiningu við Húnaþing vestra vænlegasta. 94 nefndu aðra kosti, aðrir seðlar voru auðir eða ógildir.



GRAND HÓTEL REYKJAVÍK FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARÁSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M² BREIÐTJALD



Svipmyndir frá landsþingi

sem haldið var á Akureyri 28.-30. september 2022



Að ofan má sjá svipmynd frá setningu landsþings, Aldís Hafsteinsdóttir fráfarandi formaður setti þingið.



Að neðan eru svipmyndir úr umræðuhópunum fjórum er unnu að stefnumörkun sambandsins. *Ljós.: Ingibjörg Hinriksdóttir*





Getum við AÐSTOÐAÐ?

Bókaðu samtal hjá okkur vegna lána- eða lífeyrismála á vefsíðu sjóðsins lifbru.is.

Mögulegt er að bóka tíma fyrir símtal, fund í fjarfundarbúnaði eða fund á starfsstöð sjóðsins.

Með þessum hætti bætum við enn frekar aðgengi að þjónustu okkar við sjóðfélaga.

Allar nánari upplýsingar á lifbru.is.



Lífeyrissjóður
starfsmanna Reykjavíkurborgar



BRÚ
Lífeyrissjóður

Ástæður þess að konur hætta í sveitarstjórnnum



Ásta F. Flosadóttir

MPA í opinberri stjórnsýslu og fyrrverandi sveitarstjórnarfulltrúi.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum hefur farið stigvaxandi síðustu áratugi og á vordögum 2022 eru konur í fyrsta sinn helmingur fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins. Þróun í jafnréttisátt hefur þannig verið jákvæð.

Hins vegar hefur endurnýjunarhlutfall sveitarstjórnarfulltrúa verið hátt á landsvísu og áberandi munur þar á eftir kyni. Árið 2018 hættu 146 konur í sveitarstjórnnum landsins, tæp 66% þeirra sem kjörnar voru 2014. Karlar sem hættu 2018 voru 53,2% (150) þeirra karla sem kjörnir voru 2014. Svo mikil endurnýjun fulltrúa hefur ýmsa ókosti í för með sér og því mikilvægt að greina ástæður þess að fólk ákveður að hætta.

Í rannsókninni „*Það er ágætt, stelpan talar bara!*“ sem var lokaverkefni til MPA

gráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands síðastliðið vor, er reynt að draga fram ástæður þess að konur hætta í sveitarstjórnnum. Einkum er sjónum beint að ástæðum að baki ákvörðun þeirra kvenna sem ákveða sjálfar að hætta. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í opnum aðgangi inni á skemman.is. Í þessari grein verður gerð stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum, en áhugasömum bent á ítarlegri umfjöllun í ritgerðinni sjálfri. Rannsóknarspurningarnar voru tvær:

- Hverjar eru ástæður þess að konur hætta í sveitarstjórnnum á svæði SSNE (Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra)
- Er eitthvað sem fælir konur frá því að starfa áfram í sveitarstjórnnum á svæði SSNE?

Líklegt er að ástæður sem liggja að baki vali kvennanna eigi að einhverju leyti einnig við um karlana og er það verðugt rannsóknarefni hvort svo er.

Framkvæmd rannsóknar

Þær 38 konur sem hurfu úr sveitarstjórnnum á svæði SSNE frá kosningum 2014 til og með kosninga 2018 fengu senda rafræna spurningakönnun. Svarhlutfall var 89%. Á grundvelli niðurstaðna þeirrar könnunar voru tekin viðtöl við sex konur úr hópnum. Konurnar sex eiga margt sameiginlegt, þrátt fyrir að vera á breiðu aldursbili og búa í ólíkum sveitarfélögum. Allar voru í fullu starfi þegar þær voru kjörnar í sveitarstjórn og allar voru áfram í fullu starfi þann tíma sem þær sátu í sveitarstjórn. Þær gegndu ábyrgðarstörfum innan sveitarstjórnar ýmist hluta kjörtímabils eða allt kjörtímabilið sem þær störfuðu; voru



Konurnar álitu seinniparts- og kvöldfundi vera gamla hefð sem þær gengust undir, en tímasetningin væri ekki góð. Fundir utan vinnutíma vildu dragast óhóflega og væru óskilvirkari m.a. vegna þess að fólk væri orðið þreytt eftir vinnudaginn.

oddvitar á listum, oddvitar sveitarstjórnar, varaoddvitar eða forsetar bæjarráðs. Fimm kvennanna tóku sæti á listum og störfuðu í meirihluta eitt kjörtímabil. Sú sjötta sat í tvö kjörtímabil í sveitarfélagi þar sem kosning er óhlutbundin.

Rétt er að reka þann varnagla að ekki er forsvaranlegt að draga of sterkar ályktanir af þessum niðurstöðum varðandi afstöðu kvenna á landsvísu, þar sem einvörðungu er rætt við sex konur af þessum stóra hóp. Niðurstöðurnar gefa þó ákveðnar vísbendingar og er þessari grein ætlað að vera til umhugsunar fyrir nýkjörð sveitarstjórnarfólk og innlegg í umræðu um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Sveitarstjórnarfundir


Í rafrænu spurningakönnuninni var m.a. spurt um tímasetningu sveitarstjórnarfunda og hvenær dagsins konurnar álitu að best væri að halda

sveitarstjórnarfundum. Tæplega 65% sóttu fundi eftir kl. 16 á daginn, þar af tæp 15% kvöldfundum. Þegar hópurinn var spurður hver væri besta tímasetning fundum þá snérist hlutföllin við, rúmlega 68% töldu best að hafa fundina á hefðbundnum vinnutíma, flestar völdu tímann milli 12 og 16. Það var því forvitnilegt að spyrja nánar út í þennan þátt í viðtölunum. Þar kom fram að konurnar álitu seinniparts- og kvöldfundum vera gamla hefð sem þær gengust undir, en tímasetningin væri ekki góð. Fundir utan vinnutíma vildu dragast óhóflega og væru óskilvirkari m.a. vegna þess að fólk væri orðið þreytt eftir vinnudaginn. Bæði tímasetning fundum og óvissa um lengd þeirra var greinilegur álagsþáttur. Skýr dæmi voru nefnd um árekstra við fjölskyldulíf. Mikilvægi góðrar fundarstjórnar og skilvirkni fundum var einnig töluvert rædd í þessu samhengi. Þegar sveitarstjórnir ákveða hvenær og hvernig fundir eru haldnir er vert að gefa þessum álagsþætti gaum.

Helstu ástæður

Í rafrænu spurningakönnuninni var spurt um ástæður þess að konurnar hættu í sveitarstjórn og gefnir nokkrir kostir til

Þegar þú hættir í sveitarstjórn þá var það vegna þess að:




að velja á milli. Langflestar, 59%, tóku ákvörðun um að hætta. Af þeim fimm konum (15%) sem völdu „Annað“, gáfu þrjár þá skýringu að þær hafi fært sig neðar á lista, tóku þátt í pólitísku starfi og sátu í nefndum en vildu ekki sitja í sveitarstjórninni sjálfri.

Langflestar tóku persónulega ákvörðun um að hætta. Sjónum var beint sérstaklega að þessum hluta hópsins (24 konur) og spurt hversu mikil áhrif einstakir þættir höfðu á þá ákvörðun að hætta.

Tímaskortur og álag voru sterkir áhrifaþættir hjá stærstum hluta hópsins.

Hversu mikil áhrif telur þú að þessi þættir hafi haft á ákvörðun þína að hætta í sveitarstjórn?
1 = engin áhrif, 4 = mjög mikil áhrif.



Rúmlega 54% svöruðu að tímaskortur hefði haft mikil eða mjög mikil áhrif á þá ákvörðun að hætta og 62,5% nefndu álag sem mikinn áhrifaþátt. Launakjör skiptu ekki eins miklu máli, höfðu þó mjög mikil áhrif á ákvörðun tæplega 30% kvennanna. Tímasetning funda hafði mikil eða mjög mikil áhrif á fjórðung, en fyrirkomulag funda hafði mikil eða mjög mikil áhrif á ákvörðun 12,5% hópsins. Tvær konur (8,3%) sögðu áreiti vegna kyns hafa haft mikil eða mjög mikil áhrif á þá ákvörðun að hætta, en mun fleiri, tæp 42%, nefndu annarskonar áreiti sem sterkan áhrifaþátt. Illt umtal hafði mikil eða mjög mikil áhrif á ákvörðun fimmtungs kvennanna og þriðjungur setti pólitísk átök á skalann 3 eða 4. Samskipti við starfsmenn sveitarfélagsins voru ekki sterkur áhrifaþáttur í ákvörðun kvennanna, aðeins ein kona (4%), sagði þessi samskipti hafa haft mjög mikil áhrif á þá ákvörðun að hætta. Í viðtölunum voru konurnar sex spurðar nánar út í þessa þætti og voru nefnd ýmis dæmi sem tilgreind eru í ritgerðinni.

Tímaskortur og álag

Með hliðsjón af ofangreindum niðurstöðum kom ekki á óvart að konurnar sex ræddu mikið um tímaskort og álag. Hér er rétt að hafa í huga að tímaskortur veldur streitu og ekki næst að komast yfir verkefni. Þannig

”

Er það eðlilegt að þurfa að taka umræðu um málefni eða afstöðu sveitarstjórnar inni í forstofu leikskólans, eða í búðinni, eða heima á laugardagskvöldi? Ef ekki, hvar og hvenær þá?

er tímaskortur ein birtingarmynd óhóflegs álags og þessir þættir óhjálkæmilega samvinnuáðir. Konurnar voru allar í 100% starfi meðan þær sátu í sveitarstjórn, krefjandi störfum og sumar sem stjórnendur eða yfirmenn, ásamt því að gegna ábyrgðarstörfum í sveitarstjórninni. Þeim var tíðrætt um togstreitu milli atvinnu, fjölskyldulífs og sveitarstjórnarinnar. Ætla má að þessi togstreita sé algeng hjá fulltrúum í sveitarstjórnunum. Í rannsókn Ásdísar A. Arnalds og Evu Marínar Hlynsdóttur; Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi kom fram að 33% sveitarstjórnarfulltrúa í sveitarfélögum með 500-1.999 íbúa eyddu meira en 40 klst. í mánuði í sveitarstjórnarstörf. Það er rúmlega

25% starf. Þrátt fyrir þetta voru 77% aðspurðra í fullu starfi annarsstaðar. Rétt er að benda á í þessu samhengi að það skiptir máli hvaða hlutverki fólk gegnir í sveitarstjórninni, t.a.m. eru störf oddvita tímaflek og þar er því meira álag en á hinum óbreytta sveitarstjórnarmanni.

Áreiti

Konurnar sem rætt var við höfðu reiknað með áreiti vegna afskipta sinna af sveitarstjórnarmálum. Starfið geti verið vanþakklátt og það þurfi að hafa sterk bein til að sinna því. Þær könnuðust allar við og nefndu dæmi um áreiti og áreitni sem væri yfiringileg en fólk þætti sjálfsagt að beita. Staður og stund voru töluvert rædd í viðtölunum. Nauðsynlegt sé að íbúar hafi aðgang að sveitarstjórnarfulltrúum, en það væri líka þreytandi að geta átt von á áreiti hvar og hvenær sem er. Ein nefndi að hún hefði verið ung og ekki „*tilbúin í allan þennan skít*“. Hún væri harðari af sér núna. Margar töluðu um að fólk persónugerði ákvarðanir og það væri ólík aðstaða kvenna og karla þegar kæmi að áreitinu, gerðar væru meiri kröfur til kvenna um að standa sig. Einnig að harkan í áreitinu tengdist því hvaða mál væri um að ræða. Viðkvæm mál, félagsmál og skólamál lentu frekar í fanginu á konum og í þeim málum væru sterkar tilfinningar, mikill hiti og sárindi vegna afgreiðslu



sveitarstjórnar. Það er rannsóknarefni hvort áreitið er það sama í tilfellum karlana sem sitja í sveitarstjórn og hvort það hafi sömu áhrifin á þá og á konurnar. Í viðtölunum kom fram sú skoðun að karlar væru betri í svona „vatn á gæs“ viðbrögðum meðan konur tækju áreitið meira inn á sig.

Það er mikið umhugsunarefni hvað kjörin fulltrúar þurfi að láta yfir sig ganga af áreiti. Hvaða mörk er eðlilegt að setja og hvernig eigi að setja þessi mörk. Það er nauðsynlegt fyrir kjörna fulltrúa að vera í góðu sambandi við kjósendur, en hvernig eru samskiptin eru þau byggð á faglegum grunni eða of persónulegum? Hvernig og hvenær eiga kjósendur að vera í sambandi við sína kjörnu fulltrúa? Er það eðlilegt að þurfa að taka umræðu um málefni eða afstöðu sveitarstjórnar inni í forstofu leikskólans, eða í búðinni, eða heima á laugardagskvöldi? Ef ekki, hvar og hvenær þá?

Það var greinileg upplifun rannsakanda í viðtölunum að konurnar höfðu tekið áreitið, orðbragðið og gagnrýnina nærri sér. Þær töldu illa að sér vegið og fannst umræðan oft ósanngjörn og persónuleg í þeirra garð. Þær hafi lagt sig fram, unnið af heilindum og fannst þær fá útreið sem þær áttu ekki skilið. Þegar umræðan er komin þangað, þá fyrst er farið að tala um launakjör, þ.e. að þær hafi ekki fengið nógu mikið borgað til að taka á sig þessa framkomu.

Launakjör

Skýrt kom fram í viðtölunum að konurnar hafi ekki verið í sveitarstjórnarmálum vegna launanna, þar vegi þyngra hugsjónir, samfélagsskylda og metnaður fyrir verkefnum í þágu samfélagsins. Rímar það við niðurstöður rafrænu könnunarinnar og einnig áður nefnda rannsókn um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa. Launin skipti máli en þau séu ekki afgerandi þáttur, hvorki þegar ákvörðun er tekin um að bjóða sig fram eða hætta. Það má þó velta því fyrir sér hvort laun vegi ekki þyngra í raun og veru, þ.e. ef laun eru hugsuð til þess að kaupa tíma

fólks. Væri starf sveitarstjórnarfulltrúans auðveldara ef það væri skilgreint starfshlutfall með afmarkaðan vinnutíma? Að kjör í sveitarstjórn þýddi sjálfkrafa að fólk minnkaði starfshlutfall sitt í vinnu til að hafa tíma fyrir sveitarstjórnarstarfið og slíkt væri ekki aðeins samfélagslega viðurkennt heldur viðtekin venja? Myndi það leiða til þess að sveitarstjórnarfulltrúar entust betur í starfi?

Fjölskylda, vinna og sveitarstjórn

Árekstrar milli þessara þriggja þátta virðast algengir og flestar nefndu mörg dæmi um slíkt. Sterk upplifun á miklu álagi kom skýrt fram. Eins og ein þeirra sagði: „Ég var eiginlega með krónískt samvaskubít. Í fyrsta lagi gagnvart fjölskyldunni, mér fannst ég raunverulega bara vera að taka svo mikinn tíma í þetta, og svo gagnvart vinnunni minni og gagnvart sveitarstjórninni. Mér fannst ég aldrei... mér fannst ég vera einhvern veginn hálf í öllu.“



Væri starf sveitarstjórnarfulltrúans auðveldara ef það væri skilgreint starfshlutfall með afmarkaðan vinnutíma?

Þær voru sammála um að í styttri tíma væri hægt að láta hlutina ganga, en lítið mætti út af bregða. Ein víðraði þá skoðun að það sama gildi ekki um karla. Hún taldi að karlarnir væru meðvitaðir um að sveitarstjórnarstörfin tækju tíma frá fjölskyldunni, en það var „einhvern veginn ekkert eins og þetta lægi á þeim“. Hún taldi þó að þetta væri að breytast með yngri mönnum.

Halda áfram eða hætta?

Starf sveitarstjórnarfulltrúans er mikilvægt. Konurnar töldu framlag sitt skipta máli og það verði að vera tilgangur



Frá fjármálaráðstefnu 2019. Ljósmynd: HaG.

með starfinu. Stuðningur, samvinna og góður félagsskapur séu lykilatriði svo fólk haldi áfram. Í rannsóknunum á kulnun eru það einmitt þessir þættir sem gera álagið bærilegra og hjálpa fólk að eiga við neikvæðu þættina. Greinileg kulnunareinkenni mátti greina í máli kvennanna. Orð eins og uppgefin, yfirkeyrð, þreytt og örmagna voru ítrekað notuð. Einnig mátti greina kaldhæðni gagnvart starfinu og samstarfsfólki. Ákvörðunin um að hætta var ekki einföld og margir þættir sem tengdust álagi virtust vega þar þungt.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að kulnunarhætta vegna álags er meginsteifið í ákvörðun kvennanna. Konurnar upplifðu að seta í sveitarstjórn sé of mikið ofan á allt annað sem þær eru að sinna og þær hættu til að lenda ekki í þroti. Þær sem áttu börn töluðu um að hafa ekki nægan tíma fyrir þau og börnin hafi fundið fyrir áreitinu og álaginu sem fylgdi starfinu. Álagið skapast vegna margra ólíkra þátta. Sumir eru tengdir starfsumhverfi sveitarstjórnarfulltrúans, s.s. tímasetning funda og skortur á fagmennsku sem m.a. birtist í hömlulausum ágangi á persónulegan tíma fólks. Aðrir þættir eru tengdir togstreitu milli fjölskyldulífs og atvinnu. Þessi togstreita veldur konunum álagi og er stór þáttur í þeirri ákvörðun að hætta. Í þriðja lagi er það svo áreitið og áreitnin sem veldur álagi og hefur neikvæð áhrif.

Helmingur sveitarfélaga með nýjan framkvæmdastjóra í kjölfar kosninga

Gríðarleg endurnýjun varð í röðum framkvæmdastjóra sveitarfélaga í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í maí. Réttur helmingur sveitarfélaga réði nýjan framkvæmdastjóra í sumar. Auk þess liggur fyrir að nýr borgarstjóri tekur við embætti á kjörtímabilinu samkvæmt meirihlutasamningi og sömuleiðis fá Hafnfirðingar og íbúar Árborgar nýjan bæjarstjóra, gangi áætlanir eftir. Sumir hinna nýju sveitarstjóra hafa takmarkaða reynslu af rekstri sveitarfélaga en á hinn bóginn var ráðinn fjöldi sveitarstjóra sem

taka með sér reynslu af rekstri annarra sveitarfélaga. Allur gangur var á því hvornig brotthvarf fyrirverandi sveitarstjóra bar að. Sumir urðu undir í kosningum, öðrum bauðst ekki endurráðning og enn aðrir létu af störfum að eigin frumkvæði. Dæmi voru jafnframt um að ráðinn var nýr sveitarstjóri sameinaðs sveitarfélags.

Þessi mikla nýliðun á við um stór sem smá sveitarfélög. Þannig stefnir í að algjör endurnýjun verði í röðum bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu á

kjörtímabilinu gangi borgarstjóraskipti í Reykjavík og bæjarstjóraskipti í Hafnarfirði eftir. Nýir bæjarstjórar hafa tekið til starfa í Kópavogi, Mosfellsbæ, Garðabæ og á Seltjarnarnesi.

Mikil endurnýjun varð einnig í hópi sveitarstjóra á Norðurlandi og á Suðurlandi var miklum meirihluta sveitarstjóra skipt út.

Nýráðna sveitarstjóra má sjá í töflunni hér að neðan:

Kópavogsbær	Ásdís Kristjánsdóttir	Fjallabyggð	Sigríður Ingvarsdóttir
Seltjarnarnesbær	Þór Sigurgeirsson	Dalvíkurbyggð	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Garðabær	Almar Guðmundsson	Svalbarðsstrandarhreppur	Þórunn Sif Harðardóttir
Mosfellsbær	Regína Ásvaldsdóttir	Þingeyjarsveit	Jón Hrói Finnsson
Kjósarhreppur	Þorbjörg Gísladóttir	Langanesbyggð	Björn S. Lárusson
Sveitarfélagið Vogar	Gunnar Axel Axelsson	Sveitarfélagið Hornafjörður	Sigurjón Andrésson
Skorradalshreppur	Jón Eiríkur Einarsson	Sveitarfélagið Árborg	Fjóla St. Kristinsdóttir
Borgarbyggð	Stefán Broddi Guðjónsson	Mýrdalshreppur	Einar Freyr Elínarson
Eyja- og Miklaholtshreppur	Sigurbjörg Ottesen	Skaftárhreppur	Einar Kristján Jónsson
Dalabyggð	Björn Bjarki Þorsteinsson	Rangárþing eystra	Anton Kári Halldórsson
Ísafjarðarbær	Arna Lára Jónsdóttir	Rangárþing ytra	Jón G. Valgeirsson
Vesturbyggð	Þórdís Sif Sigurðardóttir	Hrunamannahreppur	Aldís Hafsteinsdóttir
Húnaþing vestra	Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Hveragerðisbær	Geir Sveinsson
Skagabyggð	Erla Jónsdóttir	Grímsnes- og Grafningshreppur	Iða Marsibil Jónsdóttir
Húnabyggð	Pétur Arason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Haraldur Þór Jónsson
Norðurþing	Katrín Sigurjónsdóttir		



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík

www.lanasjodur.is • lanasjodur@lanasjodur.is

sími: 515 4949 • fax: 515 4903

Mikil endurnýjun í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 var kjörin á XXXVII.

landspingi sambandsins, sem haldið var á Akureyri dagana 28.-30. september sl. Heiða Björg Hilmisdóttir tók þá við sem formaður stjórnar en kosning til formanns fór fram seinni hluta ágústmánaðar.

Mikil endurnýjun varð í stjórnarkjöri en aðeins þrjár af ellefu stjórnarmönnum kjörtímabilið 2018-2022 sitja áfram. Þeir eru Heiða Björg Hilmisdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson og Jón Björn Hákonarson.

Aðalstjórn sambandsins 2022-2026 er þannig skipuð:

- Heiða Björg Hilmisdóttir Reykjavík
- Einar Þorsteinsson Reykjavík
- Hildur Björnsdóttir Reykjavík
- Rósa Guðbjartsdóttir Hafnarfirði
- Guðmundur Ari Sigurjónsson Seltjarnarnesi
- Lilja Björg Ágústsdóttir Borgarbyggð
- Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafirði
- Freyr Antonsson Dalvíkurbyggð
- Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð
- Margrét Ólöf A. Sander Reykjanesbæ
- Walter Fannar Kristjánsson Flóahreppi

Varamenn í stjórn 2022-2026 eru:

- Dagur B. Eggertsson Reykjavík
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir Reykjavík
- Kjartan Magnússon Reykjavík
- Hjördís Ýr Johnson Kópavogi
- Sigrún Sverrisdóttir Hafnarfirði
- Einar Brandsson Akranesi
- Álfhildur Leifsdóttir Skagafirði
- Hafrún Olgeirsdóttir Norðurþingi
- Sunna Hlín Jóhannesdóttir Akureyri
- Helgi Kjartansson Bláskógabyggð
- Ásgerður K. Gylfadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði



Heiða Björg



Einar Þ.



Hildur



Rósa



Dagur



Árelía



Kjartan



Hjördís Ýr



Guðmundur Ari



Lilja Björg



Nanný Arna



Freyr



Sigrún



Einar B.



Álfhildur



Hafrún



Jón Björn



Margrét Ólöf



Walter Fannar



Sunna Hlín



Helgi



Ásgerður

Komdu í ketilkaffi

á Landbúnaðarsýningunni
í Laugardalshöll

14.-16. október

Alþjóðlegur staðall um andlega heilsu og öryggi á vinnustaðnum

– ISO 45003:21



Álfheiður Eva Ólafsdóttir
M.Sc. í stjórnun
og stefnumótun,
B.Sc. í sálfræði og
meðferðardáleiðari

ISO 45003:21 var gefinn út af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO) í júní 2021. Hér er um að ræða fyrsta alþjóðlega staðalinn sem færir fyrirtækjum grundvallar leiðbeiningar um hvernig rétt væri að haga og vinna með sálfélagslega þætti starfsmanna innan vinnustaðar. Mat á sálfélagslegum áhættuþáttum, andleg heilsa og vellíðan starfsmanna eru leiðarljós staðalsins.

Tilgangur staðalsins er tvíþættur, annars vegar kröfur um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir atvik er valda andlegri vanlíðan og hins vegar aðgerðir sem efla vellíðan á vinnustaðnum.

Það hvílir lagaskylda á vinnuveitendum að sinna vinnuverndarþáttum í starfsemi, sbr. lög nr., 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þ.m.t. að framkvæma



Hafa þarf í huga að andleg heilsa starfsmanna er jafn mikilvæg og líkamleg heilsa

áhættumat starfa. Þrátt fyrir að áherslur hafi í gegnum tíðina snúid einkum að líkamlegri vinnuvernd þá eru nú ríkari kröfur gerðar um vernd sálfélagslegra þátta á vinnustaðnum. Sálfélagslegir þættir snúa meðal annars að vinnustaðamenningu, virðingu, vexti og eflingu einstaklingsins, viðurkenningu og þátttöku í umræðu og ákvörðunum. Hafa þarf í huga að andleg heilsa starfsmanna er jafn mikilvæg og líkamleg heilsa.

Eins og aðrir ISO staðlar fjallar ISO 45003:21 um kröfur til áætlanagerðar, innleiðingar, stöðugrar rýni og umbóta. Hann felur í sér 10 kafla líkt og aðrir ISO staðlar. ISO 45003:21 er sjálfstæður staðall (stand alone) og geta fyrirtæki því innleitt hann án þess að hafa áður innleitt annan staðal. Hann styður á hinn bóginn vel við aðra staðla ekki síst vinnuverndarstaðalinn ISO 45001:18 sem tryggir þá vinnuvernd á öllum sviðum verði þeir notaðir samtímis.

Til að ná tilgangi ISO 45003:21 um fyrirbyggjandi aðgerðir gerir staðallinn kröfur um greiningu sálfélagslegra áhættuþátta í starfsemi og mótun verklags og viðbragða til að koma í veg fyrir atvik er valda andlegri vanlíðan meðal starfsfólks. Framkvæmd áhættumats á þessum sviðum er því eitt af grundvallaratriðum til að mæta kröfum staðalsins.

Auk fyrirbyggjandi aðgerða gerir staðallinn kröfur um aðgerðir sem ætlað er að efla vellíðan starfsfólks. Margvíslegar leiðir hafa verið þróaðar fyrir vinnustaði í þessum tilgangi. Þar eru stjórnendur í lykilstöðu og flestir gera sér grein fyrir að mannauðurinn er sá þáttur er skilar mestu samkeppnisforskoti í nútíma viðskiptaumhverfi. Innleiðing stjórnunarháttá sem styðja við vellíðan starfsmanna hefur sýnt að hún skipti höfuðmáli.

Vellíðan einstaklinga snertir alla vinnustaði

Dæmi um viðurkenndar aðferðir til aukinnar vellíðanar á vinnustaðnum má nefna þróun hugarfars vaxtar / grósku (e. growth mindset). Þar sem slíkt er gert hefur það sýnt að starfsfólk lítur á áskoranir sem tækifæri og þrautseigja eflist. Árangur byggist á styrkleikum og því er mikilvægt fyrir vinnustaði að þekkja styrkleika sinna starfsmanna og byggja á þeim til að ná árangri – bæði fyrir einstaklinginn og vinnustaðinn. Samofid þessu er markþjálfunartækni sem rutt hefur sér til rúms á undanförunum árum. Með notkun slíkrar tækni er einstaklingurinn hvattur til að greina langanir sínar og þrjár, setja sér markmið og finna réttu leiðirnar til að ná þeim. Þarna koma markmið og leiðir frá einstaklingnum sjálfum sem líklegra er að ná fram að ganga. Þessu tengt er sjálfþæði starfsfólksins, sem snýst um að virkja innri drifkraft einstaklingsins, með því að gera hann að þátttakanda í ákvörðunum og gefa honum heimild til að velja hentugar leiðir að markmiðum. Þetta veitir honum svonefnt sjálfþæði til að haga sér í samræmi við sín innri gildi. Þannig er áhugi einstaklingsins hámarkaður á því sem hann færast við hverju sinni.



Garðar Jónsson
M.Sc. í jákvæðri sálfræði
M.Sc. í altækri gæðastjórnun
og viðskiptafræðingur, cand
ocon



Kristín Jóhannesdóttir
Sáttamiðlari
MHRM í mannauðsstjórnun
og vinnu-sálfræði
M.A. diploma í
sálgæslufræðum
Lögfræðingur, cand.jur.

Hér má einnig nefna samskiptasáttmála á vinnustaðnum sem starfsfólk kemur sér saman um og lýsir hvernig það vill eiga samskipti hvert við annað og hvað þau vilji að einkenni þau. Úr þessu verður sáttmáli sem sammælt er um að fara eftir í starfsumhverfinu. Þetta myndar grundvöll fyrir þá menningu sem leitað er eftir að skapa þar sem starfsfólk nýtur sín vel.

Velliðan einstaklinga snertir alla vinnustaði. Það er siðferðisleg og lagaleg skylda fyrirtækja og stofnana að huga vel að velliðan sinna starfsmanna. Göfugt

”
Göfugt markmið
vinnustaða er að
starfsfólkið fari heim til sín
að vinnudegi loknum eins
heilbrigt og heilt og það
kom til vinnu.

markmið vinnustaða er að starfsfólkið fari heim til sín að vinnudegi loknum eins heilbrigt og heilt og það kom til vinnu. Á sama tíma getur fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja og stofnana verið umtalsverður við að hlúa að velliðan starfsfólks.

Skilvirk er viðurkenndur þjónustuaðili á sviði félagslegra og andlegra þátta á vinnustöðum, sbr. reglugerð nr. 730/2012, sem Vinnueftirlitið veitir. Skilvirk veitir vinnustöðum sérfræðiaðstoð við innleiðingu ISO 45003:21 og býður jafnframt þjónustu við gerð áhættumats, þjálfun starfsmanna og mótun aðgerða til aukinnar velliðanar á vinnustaðnum.

ALTA

- með í ráðum

Við bjóðum þjónustu og námskeið á eftirfarandi sviðum:



Skipulag og umhverfi



Stefnumótun og sóknarfæri



Greiningar og kort

Við hjá ráðgjafarfyrirtækinu Alta sérhæfum okkur í umhverfis- og skipulagsmálum og leggjum áherslu á góðar greiningar og markvisst samráð við hagaðila.

Nánari upplýsingar á
www.alta.is

Yfirlit um skipulagsmál á
www.vefsja.is

Fjármagnsskattur og sveitarfélög



Sigurður Ármann Snævarr
Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Það særir réttlætiskennnd manna að þeir sem eingöngu eða nær eingöngu lifa á fjármagnstekjum greiði ekkert til sveitarfélags síns en þiggi engu að síður alla þjónustu. Hugmyndir um að hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga hafa verið reifaðar í þessu sambandi en hafa fallið í grýttan jarðveg hjá fjármálaráðuneyti. Ráðuneytið hefur m.a. bent á að fjármagnstekjuskattur er miklum sveiflum háður og sé því ekki heppilegur skattstofn fyrir starfsemi sveitarfélaga.

Stjórnarsáttmáli

Ný ríkisstjórn vill takast á við þessa áskorun og leiðrétta áður nefnt ranglæti. Í stjórnarsáttmála koma fram áform um breytingar á þessu fyrirkomulagi. Orðréttt segir.

Skattmatsreglur verða endurskoðaðar og komið í veg fyrir óeðlilega og óheilbrigða hvata til stofnunar einkahlutafélaga. Enn fremur verður regluverk í kringum tekjutilflutning tekið til endurskoðunar til að tryggja að þau sem hafa eingöngu fjármagnstekjur reikni sér endurgjald og greiði þannig útsvar.

Sveitarfélög hljóta að fagna þessum áformum enda muni þau leiða til aukinna útsvarstekna. Í þessari grein er fjallað nánar um það verkefni sem hér er um að ræða og þau úrlausnarefni sem þar bíða.

Fjármagnstekjuskattur

Einstaklingar greiða ríkissjóði skatta af fjármagnstekjum s.s. vöxtum, arði, söluhagnaði o.fl. Skatturinn er 22% sem leggst á fjármagnstekjur umfram frítekjumark einstaklings sem er 300 þús. kr., 600 þús. í tilviki hjóna/sambýlisfólks. Árið 2020 námu framtaldar fjármagnstekjur tæpum 125 milljörðum kr. og álagður fjármagnstekjuskattur var 22,5 milljarðar kr. sem greiddur var af um 25 þúsund einstaklingum. Ekki eru tiltækar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem hafa allt eða næstum allt sitt lífbrauð af fjármagnstekjum.

Skattskyldir lögaðilar, fyrirtæki, greiða ekki fjármagnstekjuskatt. Á hinn bóginn greiða óskattskyldir lögaðilar, þ.m.t. sveitarfélög, fjármagnstekjuskatt. Lífeyrissjóðir og lánastofnanir eru hins vegar undanþegin þessari skattskyldu.

Á nýafstöðnu landsþingi sambandsins var samþykkt nýtt atriði í stefnumörkun til næstu fjögur ára: Sveitarfélög verði undanþegin fjármagnstekjuskatti.

Tvöfalt kerfi skattlagningar einstaklinga

Tekjuskattskerfið skiptist í tvennt; annars vegar skattlagningu tekna af launavinnu, lífeyri, bótum o.fl. Hins vegar skattlagning á tekjum af fjármagni. Fjármagnstekjur bera lægri skatta en launatekjur. Skattkerfi af þessum toga er nefnt tvíþætt skattkerfi til aðgreiningar frá heildstæðu kerfi. Í því kerfi eru allar tekjur hverju nafni sem þær nefnast skattlagðar á sama hátt, þ.e.a.s. ekki er gerður greinarmunur á launatekjum og arði (eða öðrum fjármagnstekjum). Danir búa við slíkt fyrirkomulag.

Akkilesarhæll tvíþættra skattkerfa er skattlagning þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur. Yfirleitt hafa einstaklingar með eigin rekstur fjárfest í starfsemi. Tekjur af rekstrinum eru því hvort tveggja launatekjur og fjármagnstekjur. Skattayfirvöld þurfa því að búa til





reglu til að skipta tekjunum í laun og fjármagnstekjur.

Þeim sem stunda atvinnustarfsemi á eigin kennitölu, eða starfa við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum, eða við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, er gert að reikna sér laun fyrir vinnuframlag. Fræðilega á reiknaða endurgjaldið að endurspeglar markaðslaun, þ.e. hin sömu og viðkomandi fengi væri hann starfsmaður annars fyrirtækis í sömu atvinnugrein, s.s. armslengdarviðmið. Hagnaður starfseminnar er reiknaður m.v. þessi laun. Eigandinn getur síðan tekið arð úr fyrirtækinu sem er skattlagður sem fjármagnstekjur. Ríkisskattstjóri gefur út viðmiðunarreglur um reiknuð laun. Er þeim skipt í 8 yfirflokkka og 45 undirflokkka. Reynslan af þessu kerfi er misjöfn. Í (nokkuð tæknilegri) skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfsmanns RSK eru dregnir fram margvíslegir gallar, sem ekki er tóm til að rekja hér.

Freistnivandi

Fjármagnstekjuskattur er nú 22% og tekjuskattur lögaðila er 20%. Virk skattprósenta lögaðila er 37,6%¹. Laun bera hins vegar allt að 46,25% tekjuskatt og útsvar. Til viðbótar er greitt 6,35% tryggingargjald af launatekjum, en ekki

af fjármagnstekjum. Í hæsta skattþrepi er skattlagning á laun þannig 52,35% og munurinn á skattlagningu arðs og launatekna allt að 14,75%. Þegar lagður er lægri skattur á fjármagnstekjur en launatekjur er freistandi fyrir þá sem reka fyrirtæki að telja fram lág laun en taka út arð í staðinn.

Þegar afrakstur starfsemi fyrirtækisins er allur greiddur út sem arður fær ríkið fjármagnstekjuskatt og skatt af hagnaðinum á móti tekjuskatti einstaklings og tryggingargjaldi. Sveitarfélagið fær ekkert.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnland er einnig við lýði tvöfalt kerfi. Þessi ríki hafa valið aðra leið til að skipta afrakstri starfseminnar milli vinnu og fjármagns. Til grundvallar leggja þau þá fjármuni sem bundnir eru í starfseminni. Fjármagnstekjurnar eru reiknaðar út frá ávöxtunarkröfu á þá fjármuni og vinnulaunin metin sem afgangsstærð. Hér á landi er hins vegar hlutur fjármagns fundin sem afgangsstærð eftir að reiknuðu launin hafa verið dregin frá.

Rannsóknir benda til að íslenska fyrirkomulagið geri hlut fjármagnsins meiri en það sem fyrrnefnd ríki nota. Augljóst er að fyrirtæki þar sem fastafjármunir eru litlir reiknast hlutur fjármagnstekna mun meiri með íslensku aðferðinni.

Þetta er dregið ágætlega fram í skýrslu nefndar á vegum fjármálaráðuneytis frá 2019 og í nýlegri skýrslu ASÍ.

Aftur að áformum ríkisstjórnar

Eins og fram kemur að ofan ætlar ríkisstjórnin að endurskoða fyrirkomulag reiknaðra launa, þótt allsendis óvíst sé hverjar þær breytingar verða. Til viðbótar setur ríkisstjórnin fram afar óljós en mjög róttæk áform um að gera þeim sem eingöngu hafa fjármagnstekjur að reikna sér endurgjald sem síðan verði skattlagt sem laun. Verður ekki annað séð en að þetta þýði hækkun fjármagnstekjuskatts a.m.k. sumra, og meiri útsvarstekjur til einhverra sveitarfélaga.

Það verður spennandi að sjá hvað út úr þessu öllu kemur. Lesandi þarf að bíða fram í apríl á næsta ári þegar fjármálaráðherra hyggst leggja fram frumvarp um þessi mál. Víst er að hér er um að ræða mál sem varðar sveitarfélögin miklu og hljóta þau að koma að mótun tillagna.

Heimildir:

ASÍ (2021). Skattar og ójöfnuður. Réttlátara og skilvirkara skattkerfi.

Thornton Matheson og Pall Kolbeins (2012). Allocating Business Income between Capital and Labor under a Dual Income Tax: The Case of Iceland. IMF Working Paper 12/263.

Fjármálaráðuneyti (2019). Endurskoðun tekjuskatts- og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum.

¹ Skattur á lögaðila + (1-skattur á lögaðila)

*fjármagnstekjuskattur: $20\% + (100\% - 20\% * 22\%)$



Stöndum saman

Heiða Björg Hilmisdóttir ræðir við Garðar H. Guðjónsson um líf sitt og störf, ástríðuna fyrir mat og matargerð, erfið veikindi í fjölskyldunni, framann í stjórnámálum og hvernig hún hyggst beita sér sem nýr formaður sambandsins

Ég er mjög þakklát fyrir það traust sem mér er sýnt með því að fá að gegna þessu mikilvæga hlutverki og mjög spennt að takast á við verkefni og áskoranirnar sem nú blasa við. Ég mun leggja mig alla fram um að efla sveitarstjórnarstigið og sambandið og auka samstöðu og samtal milli sveitarfélaganna í landinu, segir Heiða Björg Hilmisdóttir, sem tók við formennsku í sambandinu á landsþingi þess sem haldið var á heimaslóðum hennar á Akureyri í lok september. Heiða Björg hafði betur í kosningu gegn Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra í Hafnarfirði. Hún tekur við af Aldísi Hafsteinsdóttur sveitarstjóra sem lét af formennsku eftir eitt kjörtímabil. Heiða Björg hefur verið varaformaður sambandsins undanfarin fjögur ár og er því vel kunnug áherslum þess og innviðum.

„Það verða alltaf áherslubreytingar með nýju fólki og nú varð mikil endurnýjun í stjórninni, aðeins þrjár af ellefu stjórnarmönnum sitja áfram. Ég sé tækifæri í því, upplifi eftir samtöl mín við sveitarstjórnarfolk um allt land ákall eftir nýjum áherslum og meiri samstöðu. Ég var kosin til að ná fram ákveðnum breytingum og mun beita mér fyrir þeim ásamt félögum mínum í stjórninni, starfsfólki sambandsins og sveitarstjórnarfolki um allt land. Við getum unnið betur og þéttar saman og ég hlakka til að sjá það gerast. Eitt mikilvægasta verkefni okkar er að tryggja tekjustofna sveitarfélaga svo þau geti sinnt þeim mikilvægu verkefnum sem þau sinna í þágu íbúanna. Staðan er alvarleg og við verðum að skoða allar mögulegar leiðir,“ segir Heiða Björg.

Uppruni og athvarf í Eyjafirði

Heiða Björg er borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar og hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í stjórnámálum og víðar. Hún fæddist á Akureyri 21. febrúar 1971 og ólst upp á Akureyri og á Skipalóni í gamla Glæsibæjarhreppi sem nú er hluti af Hörgársveit. Foreldrar hennar bjuggu þar ásamt afa hennar og ömmu þegar hún fæddist en fjölskylda Heiðu Bjargar flutti síðan til Akureyrar og búa foreldrar hennar þar enn. Hún ólst upp í hópi fjögurra systkina, dóttir Hilmis Helgasonar vinnuvélstjóra og Lovísu Snorradóttur sem starfaði við heimilishjálp og fleira.



Heiða, Hrannar og yngri dæturnar á úrslitakeppni EM kvenna í Englandi sumarið 2022.

Heiða Björg er gift Hrannari Birni Arnarssyni, framkvæmdastjóra ADHD-samtakanna og formanni Norræna félagsins. Börn þeirra eru Særós Mist fædd 1991, Hilmir Jökull fæddur 1998, Sólkatla Þöll fædd 2006 og Ísold Embla Ögn fædd 2008. Heiða Björg dásamar Skipalón og æsku sína þar.

„Það er geysilega fallett á Skipalóni en jörðin stendur við ósa Hörgár þar sem hún rennur út í Eyjafjörð, þar sem Nonni barðist við ísbirni samkvæmt sögunum um hann. Jörðin er enn í eigu fjölskyldunnar og við eigum þar athvarf sem við fjölskyldan leitum mikið í,“ segir Heiða Björg um ættaróðalið en hún dvaldi langdvölum þar hjá afa sínum og ömmu eftir að fjölskyldan flutti til Akureyrar og hefur sterk tengsl við staðinn.

Ástríðan fyrir mat

Hún varð stúdent af náttúrufræðibraut Verkmenntaskólans á Akureyri en hafði áður orðið matartæknir og matsveinn frá sama skóla. Nám hennar og störf framan af ævinni snerust nær alfarið um næringarfræði, matargerð og rekstur eldhúsa, allt þar til hún hóf fyrir alvöru þátttöku í stjórnámum og varð borgarfulltrúi. Hún rekur matarástina til æskuáranna.

„Ég hef verið að elda mat frá því ég man eftir mér. Það var alltaf margt um manninn í sveitinni og sífellt verið að elda mat ofan í fólk. Ég tók fullan þátt í því frá því ég man eftir mér með ömmu og mömmu sem treysti mér ungri til að elda kvöldmat fyrir sex manna fjölskylduna. Þær kenndu mér handtökin og ég hef ekki hætt síðan. Strax sem krakki var ég ákveðin í að fara í næringarfræði. Slíkt nám var ekki í boði á Íslandi þá en ég flutti suður og sótti námskeið til undirbúnings að háskólanámi erlendis, sótti um í háskólum í nágrannalöndunum

”

Mér er mikið í mun að fólk borði góðan og heilsusamlegan mat og er ánægð með að hafa fengið að stuðla að því meðal annars með gerð og útgáfu matreiðslubóka í samvinnu við Hjartavernd og Krabbameinsfélagið.

og fékk inni í háskólanum í Gautaborg. Þar bjó ég í fimm ár, útskrifaðist með mastersgráðu í næringarrekstrarfræði 2000 og eignaðist mitt fyrsta barn tveimur árum fyrr.

Ég kunní vel við mig í Gautaborg og hugsa að ég hefði ílenst þar ef mér hefði ekki boðist gott starf hér heima sem yfirmaður eldhúsa Ríkisspítalanna sem þá voru. Það var afar spennandi og ég leit á það sem mikla áskorun. Það hefur gefið mér mikið að hafa farið þessa leið, lært næringarfræði og fengið tækifæri til að starfa við fagið sem stjórnandi og taka þátt í breytingum á þessu sviði. Mér er mikið í mun að fólk borði góðan og heilsusamlegan mat og er ánægð með að hafa fengið að stuðla að því, meðal annars með gerð og útgáfu matreiðslubóka í samvinnu við Hjartavernd og Krabbameinsfélagið,“ segir Heiða Björg.

MS-sjúkdómur olli straumhvörfum

Straumhvörf urðu í lífi Heiðu Bjargar og fjölskyldunnar þegar Hilmir Jökull greindist með MS-sjúkdóminn 2009, þá aðeins 11 ára gamall. Hilmir missti mátt og alla orku á tímabili og varð í kjölfarið fyrir útilokun af hálfu jafnaldra sinna og skólafélaga. Heiða Björg segir þetta hafa gerbreytt lífi fjölskyldunnar á svipstundu.



Heiða og Hrannar í Georgju.



Fjölskyldan að leik við Skipalón.

„Þetta var gríðarlegt áfall fyrir okkur öll og þá auðvitað fyrst og fremst fyrir Hilmi sjálfan. Við vissum sama sem ekkert um þennan sjúkdóm og leituðum því til MS-félagsins og félagsins Einstök börn eftir upplýsingum og aðstoð en Hilmir var líka með fleiri sjúkdóma. Ég fór svo að lesa mér til og komst að því að það eru líklega um fimm til sjö börn á Íslandi með MS á hverjum tíma en fá þeirra upplifa sem betur fer jafn harkaleg köst og Hilmir minn fékk og greinast því seinna. Þessi börn og aðstandendur þeirra þurfa að glíma við alveg nýjan veruleika og það er mjög mikilvægt að þau geti fengið aðstoð strax við greiningu, ekki bara í heilbrigðiskerfinu heldur í skólanum og félagslega.“

Ekki leið á löngu uns Heiða var orðin virkur félagi í MS-félaginu. Hún settist í stjórn félagsins og fyrr en varði var hún orðin varaformaður þess. Síðar var henni falið að gegna formennsku í Samtökum norrænu MS-félaganna.

Þátttaka í stjórnámálum

Veikindi Hilmis og félagsleg vandamál vegna þeirra leiddu til þess að Heiða Björg fékk nánari innsýn en áður í félags- og heilbrigðisþjónustuna. Henni varð ljóst að margt mætti betur fara og

smám saman vaknaði áhugi hennar á að taka þátt í að stuðla að endurbótum á samfélaginu til að auka lífsgæði fólks. Stjórnámál voru reyndar þá þegar orðin snar þáttur í lífi fjölskyldunnar því Hrannar gerðist aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur í félagsmálaráðuneytinu 2007-2009 og í forsætisráðuneytinu 2009-2013.

Virk þátttaka hennar í stjórnámálum hófst einmitt 2013 þegar hún gekk í kvennahreyfingu Samfylkingarinnar. Þar gegndi hún formennsku um skeið. Ári síðar var hún á lista Samfylkingarinnar í borgarstjórnarkosningum og varð fyrsti varaborgarfulltrúi flokksins. Heiða Björg sagði starfi sínu sem deildarstjóri eldhúss og matsala hjá Landspítalanum lausu og einbeitti sér að stjórnámálunum. Skrefið inn í borgarstjórn tók hún enn ári síðar þegar Björk Vilhelmsdóttir ákvað að láta af störfum sem borgarfulltrúi 2015. Síðan hefur Heiða Björg verið kosin í borgarstjórn í tvennum kosningum í röð.

Hún hefur ekki látið þar við sitja. Hún hefur verið varaformaður Samfylkingarinnar síðan 2017, endurkjörin í tvígang, og nú, haustið 2022, er hún formaður sambandsins til næstu fjögurra ára.

”

Mig langar sem formaður að vekja athygli á mikilvægi sveitarstjórnarstigsins og því ótrúlega góða og mikilvæga starfi sem sveitarstjórnarfolk um allt land er að skila.

Mikilvægt starf unnið í sveitarstjórnunum

„Þetta hefur allt gerst mjög hratt og mér hefur gengið vel að ná markmiðum mínum. Sem varaformaður Samfylkingarinnar tek ég virkan þátt í starfi flokksins og þar með stefnumótun og mótun samfélagsins á landsvísu en ég nýt þess sérstaklega að starfa í borgarstjórn að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem skipta líf og velferð íbúanna svo miklu. Ég er stundum spurð hvort ég hafi ekki hug á að bjóða mig fram til Alþingis, eins og það sé



Heiða með stjórn sambandsins og sviðsstjórum í Hveragerði á síðasta kjörtímabili.



Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, við Ráðhús Reykjavíkur. Ljós.: Haraldur Guðjónsson Thors.

eitthvað merkilegra en að starfa að sveitarstjórnarmálum. Svo er ekki í mínum huga.

Mig langar sem formaður að vekja athygli á mikilvægi sveitarstjórnarstigsins og því ótrúlega góða og mikilvæga starfi sem sveitarstjórnarfólk um allt land er að skila. Í kosningunum í vor voru kjörnir 470 fulltrúar í sveitarstjórn sem allir bjóða fram krafta sína til að bæta samfélagið. Þetta fólk er víða að draga vagninn fyrir sitt samfélag og það er mikilvægt fyrir samfélagið að tryggja þeim stuðning og aðbúnað til þess. Eitt af verkefnum kjörtímabilsins er að skoða hvernig við getum unnið gegn þeirri miklu endurnýjun sem verður í hverjum kosningum. Endurnýjun er vissulega jákvæð og nauðsynleg í vissum mæli en reynslan er líka mikilvæg," segir Heiða Björg.

Tryggja tekjustofnana

Hún segir eitt mikilvægasta verkefni sambandsins á kjörtímabilinu að tryggja tekjustofna sveitarfélaga í samvinnu við ríkisvaldið svo þau geti risið undir skyldum sínum og sinnt þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin.

„Það gengur auðvitað ekki að sveitarfélögin séu vanfjármögnuð á sama tíma og sífellt eru gerðar ríkari kröfur til þeirra um þjónustu. Mér hefur þótt skorta á samstöðu um það hvert við ætlum með þetta samfélag okkar. Að mínu mati er besta fjárfesting ríkisvaldsins falin í því að hafa öflugan byggð og þjónustu við fólk um allt land. Við viljum ekki að fólk þurfi að flytja búferlum þegar það verður fyrir fötlun, veikindum eða öðrum áföllum bara vegna þess að sveitarfélagið sem það býr í hefur ekki burði til að styðja við bakið á því.

”
Ég hef mína sýn en farsælar lyktir mála hafa alltaf byggst á samtali og samráði við aðra.

Sveitarfélögin þurfa að standa saman um að fara yfir þetta með ríkinu og komast að farsælli, sameiginlegri niðurstöðu. Sveitarfélög eru misstór en við þurfum að tryggja íbúunum viðeigandi þjónustu

hvar sem þeir búa. Það er til dæmis ljóst að víða þarf að gera betur við fatlað fólk en til þess þarf meiri fjármuni en nú eru fyrir hendi, sveitarfélög taka mörg að sér verkefni ríkisins og borga með þeim, það gengur ekki til lengdar. Við erum ríkt samfélag og eigum að geta gert betur.

Ég efast reyndar ekkert um metnað ríkisins til þess en það hefur verið einhver tregða til að líta á þessa þjónustu sem sameiginlegt verkefni okkar. Við sem störfum í stjórnámálum þurfum, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, að koma okkur saman um framtíðarsýn, ákveða hvert við viljum stefna með þetta fallega, ríka og eftirsóttu land okkar. Nú þegar langt er til kosninga bæði til Alþingis og sveitarstjórna er góður tími til að hugsa hlutina aðeins upp á nýtt og ég mun sem formaður reyna að opna dyr í því skyni. Við viljum væntanlega öll að fólk geti notið lífsins og búið við sína bestu mögulegu heilsu. Það er hlutverk okkar sem erum kosin til trúnaðarstarfa að stuðla að því," segir Heiða Björg.

Vill ekki þvinga til sameiningar

Heiða Björg tekur fram að sameining sveitarfélaga geti verið leið til að styrkja sveitarstjórnir, efla fjárhag og þjónustu við íbúa en það eigi ekki endilega alltaf við.

„Umræða um nauðsyn þess að stækka sveitarfélög var einkennandi fyrir síðasta kjörtímabil og það kom sterkt ákall um það frá ríkisstjórninni með hugmyndum um að lögbinda ákveðinn lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum. Það átti bara ekki alls staðar hljómgrunn og forsvarsmönnum margra sveitarfélaga fannst sambandið ekki tala fyrir sína hagsmuni í þeim efnum. Ríkið hefur bakkað með þessar hugmyndir og það er vel, að mínu mati.

Víða hefur tekist vel til við sameiningu sveitarfélaga og við munum eflaust sjá frekari þróun í þá átt. Ég vil tala fyrir öll sveitarfélög í þessum efnum og ég er

ekki fylgjandi því að beita sveitarfélög þvingunum til sameiningar. Sums staðar sér fólk aðrar leiðir til að efla rekstur og þjónustu við íbúa, svo sem með samvinnu við stærri sveitarfélög, og þá á fólk bara að geta ákveðið sjálft að fara þá leið, eða fara leið sameiningar,“ undirstrikar hún.

Aukið samtal og samstöðu

Heiða Björg segist meðal annars hafa verið kjörin formaður sambandsins til stuðla að aukinni samstöðu sveitarfélaga og samtals þeirra á milli. Hún segir togstreitu milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar algjörlega óþarfa, sameiginlegir hagsmunir allra sveitarfélaga vegi þyngra en svo.

„Ég hef mína sýn en farsælar lyktir mála hafa alltaf byggst á samtali og samráði við aðra. Þetta er ekki þannig að einn



Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við fáum ekki alla okkar drauma uppfyllta en markmið okkar allra er að sveitarfélögin geti veitt fólki góða þjónustu þannig að sem flestum geti liðið vel og lifað góðu og heilsusamlegu lífi.

stjórnmalaflokkur sé alltaf með bestu lausnirnar, eða einn einstaklingur. Oftast næst besta niðurstaðan eftir samtöl fólks með ólíkar hugmyndir og lausnir. Þetta á algjörlega við um samstarf sveitarfélaga, við þurfum að auka samstöðu og samtal innan okkar raða. Ég vil meðal annars auka samstarf sambandsins við landshlutasamtök sveitarfélaga og leita leiða til þess að við vinnum markvissar að sameiginlegum stefnumálum. Ég vil ná þessu fram á kjörtímabilinu því tvístraður hópur sveitarfélaga er ekki heldur góður samningsaðili við ríkið.

Við eigum alltaf að kappkosta að gera betur og hafa í huga að það sem þótti rétt í gær er það ekki endilega í dag eða á morgun. Fólk sem var kosið til starfa í sveitarstjórnunum í vor brennur fyrir breytingum í samfélaginu og í kosningabaráttunni fann ég klárlega fyrir ákalli um breytingar. Við þurfum að hlusta á allt þetta fólk, vera dugleg að miðla upplýsingum og hugmyndum og ná samstöðu og sameiginlegri niðurstöðu um hvernig við viljum þróa sveitarfélögin áfram. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við fáum ekki alla okkar drauma uppfyllta en markmið okkar allra



Heiða Björg í ræðustóli á landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í september 2022.

er að sveitarfélögin geti veitt fólki góða þjónustu þannig að sem flestum geti liðið vel og lífað góðu og heilsusamlegu lífi. Sveitarfélögin eru lykilaðilar að þessu leyti," segir Heiða Björg.

Heiður að fá brautargengi

Þegar hún bauð sig fyrst fram til borgarstjórnar og varð varaborgarfulltrúi 2014 gat hún alls ekki séð fyrir að örfáum árum síðar yrði hún allt í senn borgarfulltrúi, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður sambandsins

„Ég hafði áhuga á jafnréttis- og velferðarmálum í upphafi, ætlaði bara að koma mínum áherslum að. En eftir að

ég varð borgarfulltrúi og fór að kynna og helga mig þessum verkefnum jókst áhugi minn á fleiri málaflokkum og ég er sífellt að öðlast áhuga á nýjum viðfangsefnum. Ég er kappsöm kona með mikinn áhuga á samfélaginu og þeim viðfangsefnum sem ég fæst við hverju sinni. Ég hef líka átt því láni að fagna að taka þátt í meirihlutasamstarfi öll þessi ár og haft góð tækifæri til að hafa áhrif. Það er magnað að vera í aðstöðu til þess. Þessi tími hefur verið ótrúlega skemmtilegur og ég er mjög ánægð með hvernig Reykjavíkurborg hefur breyst á undanfönum árum. Þetta er miklu meiri vinna en ég gerði mér grein fyrir fyrir fram en þetta er skemmtilegt, mér finnst ég vera að gera gagn og leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið.

Það sem er ekki síst ánægjulegt við að starfa í sveitarstjórn er þessi nánd við fólkið sem við erum að vinna fyrir. Fólk er auðvitað misánægt með það sem við gerum en bestu launin fyrir þetta mikla starf eru að sjá góða hluti gerast. Það eflir mig í starfi og ég vil endilega halda áfram á sömu braut bæði hjá borginni og sambandinu. Það er mikill heiður að fá brautargengi og vera treyst til þess. Það sem við gerum krefst þolinmæði, hlutirnir gerast oft hægar en ég myndi vilja en þolinmæði og reynsla koma sér vel. Það er mikilvægt að við sem einstaklingar og sveitarfélögin sem við störfum fyrir verðum dugleg að tala saman og standa saman sem ein heild og hafa alltaf í huga að það eru ekki endilega þeir sem hæst hafa sem koma mestu í verk," segir Heiða Björg.

Hin hliðin á Heiðu Björgu Hilmisdóttur

Mér tekst oft að útiloka vinnuna og helga mig fjölskyldunni og áhugamálunum

Ég er ekki nógu flink að skilja á milli vinnu og einkalífs. Kappsemin verður oft til þess að ég leyfi vinnunni að taka yfir þótt ég sé heima, og það segi ég sannarlega ekki mér til hróss. Covid hjálpaði nú aldeilis ekki til að þessu leyti með allri heimavinnunni sem því fylgdi. Hins vegar get ég sagt það mér til málsbóta að samfélagið og þau verkefni sem ég sinni hverju sinni eru eitt helsta áhugamál mitt. En ég á mér alveg önnur áhugamál og tekst oft að útiloka vinnuna og helga mig fjölskyldunni og áhugamálunum, segir Heiða Björg Hilmisdóttir í samtali við Sveitarstjórnarmál.

Hún hlær reyndar við þegar hún er spurð hvernig hún ver frítíma sínum.

„Það hefur nú ekki alltaf farið mikið fyrir frítíma í mínu lífi. Ég byrjaði ung að vinna



Hrannar og Heiða Björg með Ara ömmu- og afabarn.

og hef alltaf unnið mikið. Fjölskyldan bjó ekki við mikil efni þegar ég var að alast upp svo hver króna skipti máli og það að vinna fyrir peningum var í algjörum forgangi. Við erum fjögur systkinin og foreldrar mínir voru ótrúlega dugleg og

útsjónarsöm að ná endum saman, ég skil stundum ekki alveg hvernig þau fóru að því. Ég tók mikla ábyrgð sem elsta barn og það var bæði gott og vont fyrir mig," segir hún.

„Foreldrar mínir settu okkur systkinin alltaf í fyrsta sæti og það er eitt það dýrmætasta sem ég lærði af þeim.“

Unir sér í garðinum

Heiða Björg og Hrannar maður hennar búa í grónu hverfi í Reykjavík. Þrjú af fjórum börnum þeirra búa enn heima en elsta dóttirin á mann og barn og býr í Danmörku.

Hún segist vera dálítið köflótt þegar kemur að áhugamálum.

„Ég er skorpukona að þessu leyti. En sumt fylgir mér lengur en annað. Ég hef til dæmis alltaf lesið mikið og geri enn. Les mikið skáldsögur mér til ánægju og afþreyingar. Ég var ansi tíður gestur á bókasafninu á Akureyri þegar ég var krakki og man að ég var hundfúl að mega ekki taka nema fjórar bækur í einu. Ég var mikið ein með afa og ömmu í sveitinni fyrir norðan sem barn og þá voru náttúrulega engin snjalltæki að dunda sér í svo bækurnar komu sér vel. Svo á ég það til að fá áhuga á að þrjóna, hekla, sauma út og fleiru slíku og verð góð í því en legg það síðan til hliðar.“

Svo erum við með stóran garð og ég uni mér vel við að vinna í honum. Í gær setti ég til dæmis niður 150 lauka og hlakka mikið til að sjá þá koma upp í vor. Við ræktum talsvert af matjurtum og mér finnst mjög skemmtilegt að spá og spekulera og vinna í garðinum. Það hjálpar mér að slaka á og veitir mér mikla ánægju. Það eru mikil lífsgæði að geta farið út í garð og ræktað tengslin við náttúruna, þangað sækji ég mikla orku,“ segir Heiða Björg.

Sækir norður á æskuslóðirnar

Æskuslóðir hennar eru í Eyjafirði, bæði á Akureyri og á Skípalóni í Hörgársveit þar sem afi hennar og amma bjuggu og voru með búskap. Staðurinn er í eigu móðurfjölskyldunnar og Heiða Björg og fjölskylda hennar sækja mikið þangað í fríum.



Við Skípalón „Það er fallett þar sem Hörgá rennur út í Eyjafjörð, Kaldbakur blasir þarna við manni og við sjáum vel bæði út fjörðinn og fram fjörðinn að Akureyri,“ segir Heiða Björg en á Skípalóni unni fjölskyldan sér best.

„Pabbi og mamma komu sér upp húsi á Skípalóni sem við höfum afnot af. Við njótum þess gríðarlega að dvelja í þessu fallega umhverfi fyrir norðan. Þar er svo margt hægt að taka sér fyrir hendur. Við hjálpum til við það sem hægt er en svo er líka hægt að fara í berjamó, tína sveppi, ganga í fjörunni og njóta náttúrunnar. Ég hef lagt áherslu á að kenna börnunum mínum nöfn á fuglum og jurtum og að

njóta þess að vera ein. Það er fallett þar sem Hörgá rennur út í Eyjafjörð, Kaldbakur blasir þarna við manni og við sjáum vel bæði út fjörðinn og fram fjörðinn að Akureyri.

Eyjafjörður er svo falletgur fjörður, þar er alls staðar stutt í fallega náttúru og hægt að veiða, rækta, fara á skíði eða hvað annað sem hugurinn gírnist. Ég er reyndar ein af fáum sem ólst upp fyrir norðan sem ekki fer á skíði. Við höfðum ekki efni á því þegar ég var krakki og þá bitur maður það í sig að biðja ekki um það og ætla það ekki. En önnur í fjölskyldunni eru á skíðum og gera það fyrir norðan á veturna.

Ég legg mikið upp úr því að rækta tengslin við fólkið mitt fyrir norðan. Það er ekki sjálfgefið fyrir manneskju á mínum aldri að eiga báða foreldra á lífi. Þau eru dásamlegt fólk sem hefur staðið með mér

”
Það eru mikil lífsgæði
að geta farið út í garð
og ræktað tengslin við
náttúruna, þangað sækji
ég mikla orku.



Dæturnar leggja hér blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.

í gegnum þykkt og þunnt í lífinu. Svo á ég systur og vinkonur fyrir norðan sem eru mér kærar.“

Stúderar georgíska matargerð

Eins og fram hefur komið hefur Heiða Björg mikla ástríðu fyrir matargerð en er Hrannar líka liðtækur í eldhúsinu?

„Já, já, hann kann alveg sína þrjá rétti sem börnunum finnst agalega góðir. Svo eru börnin líka mjög dugleg að elda og eru algjört gourmetfólk. Þau víla ekkert fyrir sér þegar kemur að matargerð og ég er full stolta og aðdáunar á þeim. Enda ólust þau upp við að mamma var sífellt



þegar við borðum kvöldmat er öll símanotkun bönnuð og við það skapast ákveðinn friður og ró.

að búa til mat og gera matreiðslubækur. Ég fékk sjálf að taka til hendinni í eldhúsinu ung og hef lagt áherslu á að leyfa börnunum mínum það sama. Ég vildi gjarnan hafa meiri tíma til þessarar daglegu matargerðar en ég tek reglulega skorpur í eldamenskunni, sérstaklega þegar við komumst í frí.

Eftir að Hrannar varð ræðismaður Georgíu á Íslandi og heillaðist af því ágæta landi fékk ég mikinn áhuga á georgískri matargerð. Ég pantaði bækur og prófaði mig áfram. Þessi matur er ólíkur öðrum mat, þeir nota önnur krydd og aðrar aðferðir og samsetningar en við eigum að venjast og nota mikið hnetur og ost í mat. Georgískur matur er mjög góður, mikið kryddaður og bragðgóður án þess að vera sterkur. Þetta var alveg nýtt fyrir mér en mér finnst voða gaman að prófa mig áfram með þetta og reyndar alls konar matargerð. Við Hrannar heimsóttum Georgíu fyrir skemmstu og það var mjög skemmtilegt,“ segir Heiða Björg.

Samveran með börnunum mikilvæg

Hún leggur mikið upp úr samveru með börnunum og segir fjölskylduna reyna að borða alltaf kvöldmatinn saman.

„Það tekst kannski ekki alveg alltaf en við reynum. Þegar við borðum saman kvöldmat er öll símanotkun bönnuð og við það skapast ákveðinn friður og ró. Fólk á miserfitt með þetta en það tekur nú yfirleitt ekki nema hálf tíma eða svo að borða kvöldmat, stundum lengur þegar við náum upp góðu spjalli. Krakkarnir fá þarna ákveðna afsökun fyrir að bregðast ekki við þessu sífellda símaáreiti í smástund, mamma bara bannar það. Það er regla.


Þegar krakkarnir voru yngri reyndi ég að tryggja að ég væri heima með þeim annað hvort föstudags- eða laugardagskvöld en nú hefur það eiginlega snúist við og ég er að biðja þau að vera heima hjá mér. Þetta eru dásamleg börn sem við eigum og þeim gengur vel í því sem þau taka sér fyrir hendur.

Heimilislífið er einfaldara en þegar krakkarnir voru yngri, ég hef líka gaman af unglíngum. Fyrstu árin mín í stjórnáunum var ég ein með Hilmi og stelpurnar litlar því Hrannar bjó þá í Danmörku um fimm ára skeið. Nú er allt miklu auðveldara og ef einhver hefur áhyggjur af því að formennska í sambandinu komi niður á heimilislífinu hjá mér þá er það algjör óþarfi,“ segir Heiða Björg.



Heiða Björg Hilmsdóttir, formaður stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Stafrænni sveitarfélög – hvað felst í því?



Fjóla María Ágústsdóttir
Leiðtogi stafræns umbreytingarteymis

Að sveitarfélög verði stafrænni þýðir að nútímatækni er nýtt til hins ýtrasta til að veita þjónustu og afgreiða mál, fyrir ferla, útreikninga, verklag, samskipti, nýtingu gagna, eftirlit og í raun allt sem tæknin getur einfaldað. Í mjög stuttu máli að nýta tæknina til að gera meira fyrir minna.

Stafræna byltingin mun eins og fyrri tæknibyltingar auka framleiðni með færri handtökum sem er mikilvægt fyrir sveitarfélögin þar sem þjónustukröfurnar eru að sífellu að aukast um leið og samkeppni um vinnuafli harðnar.

Eftir aldamótin 1900 hófst vélvæðing sjávarútvegsins hér á landi. Við hættum að róa á árabátum og vélvæddum flotann, hættum að handverka fiskinn og vélvæddum vinnsluna. Framleiðni sjávarútvegsins hefur jafnt og þétt aukist samhliða vélvæðingunni. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í landbúnaði. Það sem nú er að gerast með gríðarlegu stökki tækninýjunga er að hægt er að bæta þjónustu, auka sjálfvirkni og ná fram skilvirkni og þ.a.l. framleiðni til muna með tæknilausnum sem einfalda vinnubrögð

og verklag innan skrifstofu-umhverfisins og í þjónustu. Við getum nýtt gögn betur til að hjálpa okkur að taka betri ákvarðanir, við getum látið gögn flytjast milli kerfa sem áður þurfti að færa á pappír á milli aðila eða kerfa eða sem kröfðust mikillar handavinnu, tíma og jafnvel ferðalaga með tilheyrandi kolefnisfótspori.

Í okkar netvædda landi getum við nýtt okkur stafrænar lausnir sem hýstar eru í skýinu sem þýðir aukin þægindi, áreiðanleika, minni kostnað og meiri aðgengileika. Við erum rétt farin af stað og erum neðst í fjallinu sem við viljum klífa til að verða stafræn, til að vera samkeppnisfær um starfsfólk og halda í við stafræna þróun í okkar umhverfi, s.s. í atvinnulífinu. Sveitarfélög hafa hafið

vegferðina en þau eiga langt ferðalag fram undan á toppinn og það mun krefjast þekkingar, mannafla og fjármagns.

Ný nálgun og viðhorf

Stafræna byltingin felur í sér nýja nálgun á það hvernig við vinnum verkin, framkvæmum og veitum þjónustu og hún krefst nýrrar þekkingar og viðhorfa. Flestum er orðið ljóst að samvinna sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu skiptir miklu máli fyrir sveitarfélög, stór og smá. Sveitarfélögin hafa átt þétt og mikið samtal sl. tvö ár um hvernig þau geta unnið saman að stafrænni umbreytingu, þróað, hýst og rekið lausnir saman, boðið út saman og deilt þekkingu sinni sín á milli. Almennu hefur umræðan snúist mikið um það hvernig sveitarfélög geta nýtt fjármagn sveitarfélaga betur við framþróun sína og að ekki þurfi að finna upp hjólið á einum stað heldur í samvinnu. Umræðan snýr að því að þróa, kaupa og innleiða betur, hraðar, ódýrar og öruggar en einnig þarf að hugsa stafræna umbreytingu sem verkfæri fyrir frekari sjálfbærni, lausnir fyrir umhverfismálin, skipulagsmálin,

loftlagsmálin, menntamálin, fyrir jafnrétti einstaklinga og fyrir lýðræði.

Sameiginleg markmið sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu

Á Landsþingi sambandsins sem haldið var 28.–30. september sl. var til umræðu stefnumörkun þessa kjörtímabils. Rædd voru fimm markmið sem snúa að stafrænni umbreytingu sveitarfélaga og samþykkt að vísa þeim til nánari úrvinnslu nýrrar stjórnar sambandsins.

Markmiðin:

- Sambandið vinni að stefnumörkun og aðgerðaáætlun í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið.
- Vinna þarf að því að auka þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila.
- Stjórnsýsla sveitarfélaga verði pappírslaus og gagnaskil og skjalavarsla rafræn.
- Upplýsingatækniinviðir sveitarfélaga

verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfulýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna er tryggt.

- Stafrænt umbreytingateymi sveitarfélaga verði miðlægur þjónustukjarni (e.center of excellence) með skilgreint umboð og hlutverk, mannað stafrænum leiðtogum í öllum landshlutum sem veita sveitarfélögum stuðning.

Samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) verði aukið til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, Ísland.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.

Sveitarfélögin kostuðu á árinu greiningu á hugbúnaðarumhverfi sveitarfélaga og fékk stafræna umbreytingarteymið Hjálmmsson frá KPMG til að vinna að þeirri greiningu með þeim. Stutt samantekt er hér á niðurstöðu þeirrar skýrslu en tillögur um markmið byggðust m.a. á þessari úttekt.



Framtíðin er stafræn og umhverfisvæn



Hjálmur Hjálmsón
Ráðgjafi KPMG á Íslandi

Skilaboðin til sveitarfélaga og leiðtoga þeirra gætu ekki verið skýrari; framtíðin er stafræn og umhverfisvæn. Framsýnir leiðtogar sveitarfélaga um allan heim eru að kveðja áratuga gamlar hugmyndir um hlutverk stjórnsýslu og horfa í meira mæli til nýrra tíma þar sem þjónustan við íbúa og fyrirtæki er stafræn, starfsfólk vinnur í verkefnum umhverfi, gögn eru hagnýtt til að besta ákvarðanir og sjálfbærni er sett í forgang. Þessir stjórnendur átta sig á því að þau mega engan tíma missa.

Síðustu ár hafa kröfur til upplýsingatæknimála hjá notendum, viðskiptavinum og almennum hagsmunaaðilum sömuleiðis aukist. Í dag er upplýsingatækni í fararbroddi þegar kemur að því að styðja við vöxt, auka skilvirkni og skapa verðmæti. Auknar kröfur kalla á breytta nálgun við rekstur upplýsingatæknimála og það hvernig upplýsingatækni styður við þarfir og stefnu. Hér eiga flest sveitarfélög á Íslandi langt í land.

Til framtíðar þurfa tækniinnviðir sveitarfélaga að vera hannaðir með hag íbúa að leiðarljósi. Í því felst hugarfarsbreyting sem opnar um leið ný tækifæri til þess að vinna nánar með íbúum og fyrirtækjum á stafrænan hátt.

En þessu fylgja jafnframt áskoranir fyrir sveitarfélög sem fela í sér að tengja og samræma staðbundnar þjónustueiningar, deildir og ekki síst undirliggjandi gagnavistun. Samþættir tækniinnviðir og þverfagleg teymisvinna starfsfólks, eru til þess fallin að hjálpa sveitarfélögum að skilja betur þarfir og kröfur íbúa.

Samkeppni um starfsfólk

Samhliða miklum hraða í stafrænni þróun eru yfirvöld um allan heim sömuleiðis að taka skref í átt að breyttri vinnustaðamenningu, innleiða sveigjanleika þar sem breytingar eru viðtekin venja og starfsfólk hvatt til þess að ögra gömlum hefðum og menningu. Sú viðleitni og sú breyting er ein af lykilforsendum þess að laða til sín hæft starfsfólk þar sem yngri kynslóðir leita í mun meira mæli að verkefnadrifnu og skapandi vinnuumhverfi.

”
Auknar kröfur kalla á breytta nálgun við rekstur upplýsingatæknimála og það hvernig upplýsingatækni styður við þarfir og stefnu. Hér eiga flest sveitarfélög á Íslandi langt í land.

Rannsókn OECD frá árinu 2016 leiðir í ljós að 40% starfsfólks opinbera geirans á Íslandi er yfir 55 ára, samanborið við 25% meðaltal OECD-ríkja. Á komandi árum má því gera ráð fyrir talsverðri endurnýjun starfsfólks ásamt þörf á auknum

sveigjanleika. Starfsfólk mun gera ríkari kröfu á að múrar og sílómenning sé brotin niður og kalla eftir aukinni samþættingu verkefna og starfseininga. Á það bæði við einingar innan sveitarfélaga en ekki síður í aukinni samvinnu milli sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Með auknum sveigjanleika, aukinni fjarvinnu og starfsumhverfi óháð staðsetningu er nauðsynlegt að stjórnendur finni nýjar leiðir til að virkja og efla starfsfólk. Stjórnendur munu þurfa að hverfa frá því að einblína á hefðbundna mælikvarða eins og viðverumælingar, og setja þess í stað verkefni í forgang með það að markmiði að geta metið árangur og framleiðni starfsfólks. Þannig verða sveitarfélög betur í stakk búinn til að takast á við aukna samkeppni um starfsfólk.

Gamaldags umhverfi með gamaldags ferlum

Nýleg greining KPMG á skrifstofuhugbúnaðarumhverfi sveitarfélaga leiddi í ljós að styrkja þarf verulega faglega umgjörð sveitarfélaga þegar kemur að upplýsingatæknimálum og auka almenna þekkingu á upplýsingatækni og stafrænni þróun. Þau sveitarfélög sem hafa ráðið til sín stafrænan leiðtoga eru bersýnilega komin lengst á veg í þeirri vegferð. Finna þarf lausnir á því hvernig fámennari sveitarfélög geti sameinast um slíkan leiðtoga sem verði þeim innan handar í framtíðarverkefnum.

Tækniumhverfi sveitarfélaga er almennt séð ekki í samræmi við nútíma kröfur, en á því eru þó undantekningar. Í sveitarfélögum er víða unnið samkvæmt úreltum ferlum í kerfum sem styðja illa við nútíma skrifstofuumhverfi. Þá er ljóst er að gera þarf verulegt átak í meðhöndlun sveitarfélaga á gögnum sem skila á til

Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Dæmi er um að gögnum frá síðustu öld hafi ekki enn verið skilað og þá hafa fá sveitarfélög hafið ferli í átt að rafrænum skilum. Ætli sveitarfélög sér að verða pappírslaus innan fárra ára er nauðsynlegt að bregðast fljótt við.

Til móts við nýja tíma

Greining KPMG leiddi sömuleiðis í ljós að stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga sjá mikil tækifæri í auknu samstarfi og bera miklar væntingar til vinnu Stafræns umbreytingateymis sem nýlega tók til starfa á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Finna þarf leiðir til þess að efla það teymi, efla um leið samstarfið við Stafrænt Ísland, fjölga sameiginlegum innkaupaverkefnum sveitarfélaga á hugbúnaðarlausnum og skoða tækifæri til samreksturs.

Tæknin sjálf gerir þó ekkert ein og sér. Stjórnendur sveitarfélaga og kjörnir

”

Stjórnendur sveitarfélaga og kjörnir fulltrúar, þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig hagnýting tækninnar og kraftur stafrænna lausna getur sannarlega hagnast sveitarfélögum til framtíðar.

fulltrúar, þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig hagnýting tækninnar og kraftur stafrænna lausna getur sannarlega hagnast sveitarfélögum til framtíðar.

Móta þarf stefnu með skýra framtíðarsýn ásamt markvissri aðgerðaráætlun til komandi missera. Slík framtíðarsýn byggir á alhliða stafvæðingu þar sem tæknilausnir sem þjóna íbúum eru ekki endastöð heldur á tæknin að hjálpa til við að leysa þarfir íbúa, bæta lífsgæði og hvetja til markvissrar þátttöku íbúa í ákvarðanatöku og skipulagi. Þannig mun sveitarfélögum takast að veita sömu eða jafnvel meiri og betri þjónustu án þess að fjölga starfsfólki.

Nú standa sveitarstjórnir frammi fyrir fjárhagsáætlanagerð til næstu fjögurra ára. Við áætlanagerð er mikilvægt að horfa til nýrra tækifæra sem liggja í aukinni hagnýtingu á tækni og nýsköpunartækifæra. Fjárfesting í framsæknum lausnum, grunnkerfum og ferlum – endurmóta stjórnsýsluna í átt að hagkvæmara umhverfi með borgara í fyrirrúmi – er óhjákvæmilega leiðin fram á við.

Sjálfbærni – enn ein bólan?



Þórdís Sveinsdóttir
Lánastjóri hjá Lánasjóði sveitarfélaga ehf.

Svo virðist sem allt snúist um sjálfbærni í dag. Fyrirtæki keppast við að lýsa yfir hversu sjálfbær þau eru, búið er að kolefnisjafna reksturinn, mögulega með því að borga sig út úr kolefnisjöfnunni þannig að þau eru nánast farin að ljóstillífa. Yfirlýsingunum fylgja svo fallegar náttúrumyndir í björtum litum og grípandi slagorð. En hvað þýðir þetta allt og er þetta ekki bara enn ein bólan?

Hugtakið „sjálfbær þróun“ kom fyrst fram árið 1987 og var skilgreint með eftirfarandi hætti, samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands:

„Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.“

Með innleiðingu á sjálfbærni inn í hugmyndafræði neytanda og framleiðsluferli fyrirtækja þá tryggjum við að þær afurðir sem við nýtum okkur í dag skerði ekki möguleika á sambærilegri nýtingu afurða í framtíðinni. Sjálfbærni tengir saman umhverfisvernd, félagslegt réttlæti, heilsu, velferð og efnahagslíf. Til að ná fram jafnvægi milli þessara þátta þurfum við samstillt átak

einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkja. Sjálfbærni er því langtímaáætlun um hvernig við getum dregið úr ágangi manna á auðlindir jarðar og aukið tækifæri komandi kynslóða í framtíðinni.

Enda er náttúran okkar takmörkuð auðlind og hana þarf að vernda. Mannfólkið er margt og samfélögin stækka. Samhliða eykst neysla mannkyns langt fram yfir það sem jörðin getur staðið undir. Því þarf að breyta og við þurfum öll að taka höndum saman, breyta hugsun okkar og athöfnum til að virða takmörk náttúrunnar í orði og verki. Þetta er kjarninn í sjálfbærni.



Mynd fengin hjá Birtu lífeyrissjóði.

Mæla – reikna – fylgjast með

Margir mismunandi mælikvarðar hafa verið mótaðir síðustu ár til að leggja mat á sjálfbærni í stefnumótun, ákvarðanatöku og í framsetningu á ársreikningum. Árið 2016 var innleitt inn í lög um ársreikninga ákvæði greinar 66.d. sem ætlaði stórum félögum og einingum tengdum almannahagsmunum að skýra frá ófjárhagslegum upplýsingum í skýrslu stjórnar. Tilgangur með ófjárhagslegri upplýsingagjöf var að lesandi ársreiknings gæti lagt mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Samhliða átti að gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félögin sporni við spillingar og mútumálum.

Ákvæðinu var ætlað að auka mikilvægi þessara upplýsinga og að hjálpa til við að mæla, stjórna og hafa eftirlit með frammistöðu fyrirtækja og áhrifa þeirra á samfélagið.

Grænþvottur

Undanfarin ár hafa fjármálamarkaðir tekið miklum breytingum og mikil aukning hefur orðið á margskonar fjármálaafurðum sem skilgreindar eru sem umhverfisvænar, græn innlán, græn bílalan, græn skuldabréf o.fl. En jafnframt hefur ekki verið nægjanlega skýrt hvernig viðkomandi vörur eru umhverfisvænar eða „grænar“ og við hvað er verið að miða. Enda hafa ekki verið til staðar nein stöðluð og samræmd viðmið um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni eða grænum lánveitingum fyrr en nú. Þá hafa aðilar gerst sekir um svokallaðan „grænþvott“, en það er þegar tiltekin fjárfestingaafurð eða atvinnustarfsemi er markaðssett sem „græn“ eða „sjálfbær“ án þess að vera það í rauninni.

Samræmdar reglur um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni munu koma í veg fyrir óþarfa óvissu og draga úr rangtúlkun og fólkskum væntingum fyrir alla aðila á markaði.

”

Með innleiðingu á sjálfbærni inn í hugmyndafræði neytanda og framleiðsluferli fyrirtækja þá tryggjum við að þær afurðir sem við nýtum okkur í dag skerði ekki möguleika á sambærilegri nýtingu afurða í framtíðinni.

Lagaleg krafa um upplýsingagjöf um sjálfbærni

Í febrúar á þessu ári setti fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráðsgátt drög að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.





Á Íslandi fellur mikið af atvinnustarfsemi, sem þessi umhverfismarkmið taka til, undir starfsemi sveitarfélaga eins og fráveitur, vatns- og hitaveitur, söfnun sorps o. fl.

Frumvarpið er sett saman úr tveimur reglugerðum Evrópusambandsins, sem lýst er hérna fyrir neðan. Stefnt er á að lögin taki gildi 1. janúar 2023 eða í byrjun næsta árs.

Reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. SFDR) tekur mið af markmiðum Parísarsamkomulagsins um að draga verulega úr áhættu og áhrifum af loftslagsbreytingum auk þess að leggja skyldur á fjármálafyrirtæki til að birta upplýsingar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðun, hvort og hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni.

Áhætta tengd sjálfbærni

Hugtakið „Áhætta tengd sjálfbærni“ er skilgreint og á hún við um atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu, sem gætu haft veruleg, neikvæð áhrif á sjálfbærni og virði fjárfestingar. Upplýsingarnar eiga að gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun áður en samningur er gerður.

Aðilum á fjármálamörkuðum er ætlað að gera áreiðanleikakönnun og meta alla áhættu tengda sjálfbærni sem kynni að hafa verulega neikvæð áhrif á

ávöxtun á fjárfestingu eða ráðgjöf, auk hefðbundinnar fjármálaáhættu.

Reglugerð Evrópusambandsins nr. 2020/852 fjallar um samræmdan ramma sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum (e. EU Taxonomy) og flokkunarkerfi sem tekur mið af sex umhverfismarkmiðum með skilgreiningum um hvað telst sjálfbær atvinnustarfsemi. Tilgangurinn er að auka gagnsæi upplýsinga á markaði og hjálpa fjárfestum að leggja mat á hversu sjálfbær tiltekin atvinnustarfsemi er. Flokkunarkerfinu er því ætlað að taka á „grænþvotti“, sem lýsir sér þannig að tiltekin atvinnustarfsemi eða fjárfestingarkostur er markaðssettur sem sjálfbær án þess að geta sýnt fram á það.

Til að ákveða hvort tiltekin atvinnustarfsemi sé sjálfbær þá er tekið mið af sex umhverfismarkmiðum:

- Lágörkun losunar gróðurhúsalofttegunda
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbærri nýtingu og verndun vatns og sjávarauðlinda
- Umbreytingu í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvörnum og eftirliti með mengun
- Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Verkefni sveitarfélaganna

Á Íslandi fellur mikið af atvinnustarfsemi, sem þessi umhverfismarkmið taka til, undir starfsemi sveitarfélaga, eins og fráveitur, vatns- og hitaveitur, söfnun sorps o.fl. Þar af leiðandi þurfa sveitarfélög að kynna sér frumvarpið og flokkunarreglugerðina til að undirbúa sig gagnvart þeim upplýsingum sem fjármálafyrirtæki munu kalla eftir strax á næsta ári. Þessar upplýsingar þurfa að uppfylla þau mælanlegu markmið sem reglugerð 2020/852 eða EU Taxonomy setur fram, sérstaklega þegar ætlunin er að fjármagna framkvæmdir með grænum lánnum eða skilgreinast sem sjálfbærar fjárfestingar.

Það er því ekki lengur hægt fyrir aðila, fyrirtæki eða sveitarfélög, að skella upp fallegri náttúrumynd og grípandi slagorði og segjast vera sjálfbær á blaði. Sjálfbærnin er komin til að vera og það þarf að sýna fram á hana með ítarlegum tæknilegum viðmiðum í samræmi við fyrir fram ákveðin og skilgreind umhverfismarkmið. Viðmiðin þurfa að vera mælanleg og reiknuð samkvæmt flokkunarkerfinu, sem leggur grunninn fyrir evrópska staðla.



@Shutterstock.com



Anna Ingadóttir

sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

Mikil umræða hefur verið síðastliðin misseri um leikskólann, hlutverk hans og mikilvægi og um leikskólastarf almennt. Það er vel enda auður framtíðar þar á ferð. Þau eru mörg verkefni og áskoranirnar í málaflokki leikskóla og margir snertifletir sem skapa tækifæri til samstarfs þeirra mörgu hagsmunaaðila sem leikskólastarfið varðar. Verkefni sem blasa við okkur í þessum málaflokki varða t.d. fjölgun leikskólakennara, námsumhverfi barna, starfsumhverfið í leikskólanum, fjölgun leikskólaplássna og fagfólks, börn með erlendan bakgrunn, breytt samfélag, samvinna við foreldra og samtal við atvinnulíf. Stærsta verkefni okkar allra og áskorun

samfélagsins er þó hvernig við fáum öll börnin til að blómstra.

Samráðsfundir mennta- og barnamálaráðherra og Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Í starfsáætlun sambandsins 2022 var áhersla lögð á að koma á reglulegum fundum með mennta- og barnamálaráðherra. Á síðustu mánuðum hafa verið haldnir reglulegir samráðsfundir mennta- og barnamálaráðherra með sérfræðingum í skólamálu frá ráðuneytinu og sambandinu. Á þessum fundum eru tekin fyrir sameiginleg mál er lúta að málaflokki barna. Til að þróun og samvinna eigi sér stað skiptir samtalið miklu máli og verða þessir fundir festir í sessi.

Fagháskólanám í leikskólafræðum

Þann 6. október sl. var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu um eflingu fagháskólanáms í leikskólafræðum um allt land. Aðilar að henni eru háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að fjölga

fagmenntuðu starfsfólki leikskóla á landsvísu, gera fagháskólanámið aðgengilegt í öllum landshlutum og festa það í sessi. Með þessu er starfsfólki leikskóla um allt land, sem ekki er með kennaramenntun, boðið að sækja tveggja ára nám samhliða vinnu, sem veitir þeim rétt til áframhaldandi náms í leikskólakennarafræðum. Nú þegar hefur þessi námsleið verið keyrð á Suðurlandi og Suðurnesjum í samstarfi HÍ, fræðsluaðila á svæðinu og sveitarfélaganna og mælst vel fyrir.

Á landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 28.-30. október sl. var unnið að stefnumörkun til næstu fjögurra ára sem nýtist sem leiðarvísir fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins á kjörtímabilinu. Mikil umræða átti sér stað um að sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun á þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára með vellíðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Ég hef þá trú að miklar breytingar eigi eftir að eiga sér stað á næstu misserum og árum á umhverfi og þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Til þess að það gerist þarf að eiga sér stað samtal og gott samstarf hagsmunaaðila svo öll börn fái tækifæri til að blómstra

Myndir frá móttöku LS í Hofi 29. september.



Ljósmyndir á opnunni: Pedro myndir

Myndir frá afgreiðslu ályktana föstudaginn 30. september.



Sveitarfélög í dauðafæri



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
forseti borgarstjórnar Reykjavíkurborgar og
fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í
landsáætlun í skógrækt

Í júní 2019 skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt. Tilfnið var mótun nýrrar stefnu, Landsáætlun í skógrækt, er byggð á 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Hún fjallar um málaflokkinn, er ætlað að vera heildstæð stefna og lokaafurð atvinnugreinarinnar á Íslandi. Undirrituð sat í þessari verkefnastjórn fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga enda sjálf skógarbóndi í Þingeyjarsveit. Landsáætlun um skógrækt var skilað til ráðherra í byrjun árs 2022. Mig langar með þessari grein að hnykkja á þeim tækifærum sem sveitarfélög hafa.

Gildistaka nýrrar Landsáætlunar í skógrækt liggur nú fyrir við upphaf nýs kjörtímabils. Það skiptir máli að nýjar sveitarstjórnir skoði hvað felst í þessari landsáætlun, því sveitarfélögin eru afar mikilvægur hagaðili og tengjast öllum meginmarkmiðunum fimm sem kynntar eru í Landsáætlun í skógrækt. Ef landsáætlunin á að koma til framkvæmda, eins og stefnt er að og ef við ætlum að ná þeim markmiðum sem þar koma fram, verður að takast að gera sveitarfélögin að virkum aðilum áætlunarinnar.

Hlutverk sveitarstjórnarfólks er að móta stefnur og áætlanir, sem sveitarfélögin starfa eftir. Þar verður til ákveðinn rammi sem embættisfólk sveitarfélaganna fylgir. Til að ná sveitarfélögunum virkum verður landsáætlunin að tengjast loftslagsáætlunum sveitarfélaganna, svæðisskipulagi, votlendisáætlunum og jafnvel niður á deiliskipulag, mikilvægt er fyrir sveitarfélög að tryggja að svo sé gert. Einnig er mikilvægt að tengja landsáætlunina við önnur verkefni sveitarfélaga, svo sem lýðheilsuþætti og vellíðan íbúa, atvinnuáætlanir, ferðaþjónustu og nýsköpun.

Það þarf því að vera virkt samtal á milli skógræktarinnar og sveitarfélaganna. Þetta er samtal sem þarf að hefjast strax í upphafi nýs kjörtímabils. Sveitarfélögin eru að mínu mati í dauðafæri varðandi möguleika þeirra til uppbyggingar í gegnum skógræktina. Ekki bara með því að fá grænna umhverfi í kringum sig, heldur sérstaklega hvað varðar atvinnuuppbyggingu og nýsköpun um allt land tengdri skógrækt.

”

Til að ná sveitarfélögunum virkum verður landsáætlunin að tengjast loftslagsáætlunum sveitarfélaganna, svæðisskipulagi, votlendisáætlunum og jafnvel niður á deiliskipulag, mikilvægt er fyrir sveitarfélög að tryggja að svo sé gert.

Hér eru fimm meginmarkmið landsáætlunar og hvernig þau tengjast helstu verkefnum sveitarfélaganna. Uppfalingin verður þó ekki tæmandi.

Sjálfbær þróun

Fyrsta meginmarkmiðið er að skógrækt stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins. Í þessu felst að tryggja þurfi jafnan aðgang núverandi og komandi kynslóða að þeim gæðum sem skógrækt skapar. Þetta getur falist í aukinni útbreiðslu skóga, ræktun nýrra skóga án þess þó að gengið sé á önnur umhverfisgæði eða með því að vernda þá skóga sem fyrir eru. Í Reykjavík birtist þessi sýn m.a. í samstarfsverkefni borgarinnar við Skógrækt Reykjavíkur um loftslags-skóga, sem tengir saman öll viðmið þessa fyrsta markmiðs.

Sveitarfélögin þurfa, hver á sínu svæði að vinna að út frá umhverfis- og loftslags markmiðum þeirra, sem finna má í umhverfis-, votlendis og loftslagsstefnum sveitarfélaganna. Þar þarf hlutur skógræktar að vera skýr hvað það varðar að tryggja líffræðilega fjölbreytni innan sveitarfélagsins, að vera mótvægi við loftslagsvandann og til að vernda vatns- og jarðvegsvernd.

Auk þess þarf að huga að skógrækt til viðarnytja og þá í samhengi við atvinnustefnu sveitarfélaganna. Í skógrækt eru mikil tækifæri til nýttja en ekki bara til yndis og að njóta.

Að sjálfsögðu þarf að huga að þeirri samfélagslegu sátt sem þarf að ríkja um skóga. Um hana var lögð mjög rík áhersla í vinnu verkefnisstjórnar landsáætlunar í skógrækt. Þessi sátt þarf að birtast í félagslegum ágóða íbúanna, sem geta nýtt skóga til heilsuefningar og almennrar útiveru. Uppbygging skóga sem útivistarsvæði ætti því að vera mikilvægt innlegg í lýðheilsustefnu sveitarfélaganna, auk þess sem skógar skapa mikilvæg græn samfélagsvæði, þar sem íbúar og aðrir gestir geta komið saman og notið útiverunnar í rjóðrum og á skipulögðum leik- eða grillsvæðum.

Aðalskipulag sveitarfélaganna þarf svo að endurspegla þessar áherslur sem birtast í öðrum stefnum, til þess að þær komist raunverulega til framkvæmda og að íbúar geti notið hliðaráhrifa af skógrækt, svo sem að auka skjól í sveitarfélaginu.

Loftslagshlutleysi

Stærsti vandi sem við stöndum frammi fyrir, fyrir okkur sjálf og komandi kynslóðir eru loftslagsbreytingar og hvernig við munum fást við þær. Annað meginmarkmiðið eru að skógar og skógrækt verði lyklatríði í að fást við þessar breytingar og draga úr kolefni í andrúmsloftinu. Við vitum að til verður töluverð binding kolefnis í trjám og er skógrækt því mikilvægur liður í loftslagsbókhaldi ríkis og sveitarféлага. Til að mæta loftslagsmarkmiðum sínum er lyklatríði að sveitarfélögin komi til samstarfs við skógræktarfélag og skógarbændur.

Undanfarin ár höfum við séð að sveitarfélög eru í vaxandi mæli viljug til að vera með þessa loftslags-sýn og skilja mikilvægi þess að sveitarfélögin séu hluti af baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Án sveitarfélaganna og slagkrafts þeirra

munum við ekki ná þeim umskiptum sem þurfa að eiga sér stað til að ná Parísarmarkmiðunum um kolefnishlutleysi árið 2040. Þá er það líka orðin lögbundin skylda sveitarféлага, með lögum um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 86/2019, að setja sér loftslagsstefnu með markmiðum um hvernig draga skuli úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hérna eru því mikil tækifæri til að efla skógrækt í samstarfi við sveitarfélögin og taka samstarfið út fyrir þau box sem við erum í, í dag, þar sem sveitarfélögin eru í sínum kassa og skógræktarfélag og -bændur í öðrum.

Nýsköpun og efling byggðar

Skógrækt er ein tegund landbúnaðar. Tengd nytjaskógum er löng virðiskeðja sem sveitarfélög þurfa að opna augun fyrir og tengja við atvinnustefnu sína og atvinnuuppbyggingu. Þriðja markmiðið í landsáætluninni er einmitt að skógrækt og skógarnytjar stuðli að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hér geta falist töluverð tækifæri fyrir sveitarfélög til að byggja upp atvinnu



og stuðla að nýsköpun í heimabyggð. Sveitarfélögin þurfa m.a. að auka skilvirkni í stjórnýslu sinni til að efla skógrækt á einkajörðum, til að auðvelda skrefin inn í nýjan landbúnað. En einnig er hægt að stuðla að nytjaskógrækt á opinberum svæðum og nýta afurðir til nýsköpunar.

Það þarf að auka skilvirkni í allri virðiskeðjunni, frá skógi til smásöluáðila. Sveitarfélögin geta stutt slíka þróun og hvatt til nýsköpunar í heimabyggð. En hér þurfa líka einkaaðilar að stíga inn af krafti, sérstaklega hvað varðar markaðsþróun og úrvinnslu skógarafurða. Það eru að minnsta kosti sex einkafyrirtæki sem framleiða vörur úr íslenskum skógarafurðum og þau geta eflaust orðið fleiri. Við vitum að í sölu skógarafurða er markaður. En íslenskt framboð þarf að vera stöðugt og öruggt til að það verði til traust milli aðila um að íslenskar skógarafurðir sé lykill að framleiðslu í stað þess að kaupa þær erlendis frá. Með því að fá einkaaðila í lið með sveitarfélögunum er hér hægt að byggja upp nýja atvinnu í heimabyggð, sérstaklega í dreifbýli.

Bætt umhverfisgæði

Tengt fyrsta markmiðinu um sjálfbæra þróun nefndi ég mikilvægi skógræktar í umhverfis-, votlendis- og loftslagsstefnu

sveitarfélaga. Þetta á einnig við um fjórða meginmarkmiðið, sem er að skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni. Hér er einkum verið að tala um að vernda náttúrskóga sem fyrir eru í þágu líffjölbreytni og viðhalds kolefnisforða og efla náttúrlega útbreiðslu þeirra. Til að ná þessum markmiðum þurfa sveitarfélög að horfa til ákveðins jafnvægis í skógrækt. Til að mynda með því að raska ekki votlendi og heimila ekki land til skógræktar þar sem fyrir er sjaldgæfur gróður eða ríkulegt varpland fugla. Horfa þarf heildrænt á skipulagsmál, til að ná fram jákvæðum áhrifum skógræktar en draga úr þeim neikvæðu.

Útivist og lýðheilsa

Fimmta meginmarkmið landsáætlunarinnar eru það sem flestir íbúar sveitarfélaganna verða varir við en það er að skógar og skógrækt stuðli að auknum útivistarmöguleikum almennings og bættri lýðheilsu. Einnig að stuðlað verði að þátttöku almennings í skógræktarstarfi.

Sveitarfélögum er það mikið í mun að hlúa að lýðheilsu íbúa. Þetta markmið tengir við stuðning sveitarfélaga við eflingu íþróttar og útivistar. Skógar eru

almennt vinsælir meðal íbúa, til útivistar og sem almennt samkomusvæði. Samstarf skógræktar og sveitarfélaga er hér mikilvægt til að efla hlutverk skóga í útivist og bættri lýðheilsu. Skógrækt getur líka verið mikilvæg til að efla samstarf milli skógræktarfélaganna, sveitarfélaga, einkaaðila og einstaklinga og til að efla þátttöku einstaklinga í félagsstarfi.

Reykjavíkurborg hefur t.a.m. sagt að hún vilji samtvinna góða skóga til nýtingar og fyrir lýðheilsu. Þetta tvennt getur vel farið saman og við bætast loftslagsmarkmiðin. Þetta sjáum við í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur í Heiðmörk, á Austurheiðum og í Úlfarsfelli þar sem verið er að byggja upp skógrækt í borgarlandinu, öllum íbúum til góða.

Lokaorð

Það felast mikil tækifæri fyrir sveitarfélög til að tengja við landsáætlun í skógrækt og nýta hana í loftslagsáætlunum sínum, votlendisáætlunum og skipulagi. Til þess að landsáætlunin nái í gegn, þá þurfa sveitarfélög og skógræktin að koma á virku samtali og samvinnu. Sveitarfélögin og skógræktin þurfa svo líka að ná að tengja einkaaðila inn, til að styrkja virðiskeðjuna heima í héraði. Einungis þannig munu markmið áætlunarinnar nást. Nú, strax eftir kosningar með nýju fólki í sveitarstjórnnum og miklum hug sveitarstjórnarfólks til að gera enn betur er lag fyrir skógræktina að kynna tækifærin í landsáætluninni fyrir sveitarfélögin og hvetja þau áfram og lag fyrir sveitarfélög að taka stór skref. Tækifærin eru til staðar til að byggja upp vistvæn og sjálfbær sveitarfélög. Við sem höfum verið kosin til að stýra sveitarfélögum næstu fjögur árin erum því í dauðafæri til að nýta skógrækt til atvinnuuppbyggingar, sérstaklega í dreifðum byggðum.



Hringrásarhagkerfið í sjónmáli



Þorgerður María Þorbjarnardóttir
jarðfræðingur og sérfræðingur í
umhverfismálum á skrifstofu Sambands
Íslenskra sveitarfélaga

Mannfólkið hefur alltaf sett svip sinn á umhverfi sitt og þau áhrif eru farin að hafa verulega neikvæð áhrif á vistkerfi heimsins sem eru einmitt þau kerfi sem við sækjum allar okkar auðlindir í. Hvort sem það eru málmar, timbur, matur, plast eða fötin sem við klæðumst, allt sprettur frá þeim auðlindum sem jörðin geymir og þær eru ekki óþrjótandi. Það verður æ ljósara að við verðum að nýta auðlindirnar á betri hátt en við gerum nú. Hið línulega hagkerfi, þar sem sótt er í auðlindina, hráefni notað og að lokum urðað, brennt eða eytt á annan hátt er á útleið og hringrásarhagkerfið mun taka við.

”

Þann 1. janúar 2023 taka gildi ný lög og ber þá sveitarfélögum að sjá til þess að pappír, plast, lífúrgangur og blandaður úrgangur sé hirtur við heimili og að grenndarstöðvar séu fyrir hendi fyrir málma, gler og textíl.

Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

Við bjóðum sveitarfélögum viðtæka þjónustu við að fylgja eftir markmiðum sínum í skipulags-, öryggis-, og umhverfismálum þar sem sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af ráðgjöfinni. Allt frá umhverfissvöktun og stefnumótun um sjálfbærni, til umferðargreininga og umferðaröryggisáætlana.

www.mannvit.is



MANNVIT



Það þarf að vera eftirsóttara og hagkvæmara að sækja hráefni úr úrgangi sem til fellur, og líta þannig á úrganginn sem auðlind, í stað þess að sækja í frumhráefni. Hráefni geta verið í öðru landi eða annarri heimsálfu. Til þess að hægt sé að nýta úrgang sem hráefni og skila honum aftur inn í hringrásina þarf að tryggja gæði hans. Rannsóknir sýna að með vandaðri og réttri flokkun á upprunastað er verið að skapa verðmæti sem hægt er að nýta og á að nýta.

Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarfélögin eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að innleiða þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað svo að árangur náist í þessum efnum. Þann 1. janúar 2023 taka gildi ný lög og ber þá sveitarfélögum að sjá til þess að pappír, plast, lífúrgangur og blandaður úrgangur sé hirtur við heimili og að grenndarstöðvar séu fyrir hendi fyrir málma, gler og textíl. Breyting verður einnig á innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs, svokallaðra sorphirðugjalda, þar sem sveitarfélögum er gert að leggja á gjöld eftir magni og gerð úrgangs á upprunastað. Slík innheimtukerfi eru að verða sífellt algengari í nágrennalöndum okkar og kallast "borgað þegar hent er" (BPHE)

eða "Pay as you throw". Sveitarfélögin stýra helstu þáttum er varða meðhöndlun úrgangs. Svæðisáætlanir, samþykktir um meðhöndlun úrgangs og gjaldheimta eru mikilvægustu verkfæri sveitarfélaga þegar kemur að því að bæta kerfið og ná markmiðum hringrásarhagkerfisins.

Sambandið hefur unnið að verkefni í þremur hlutum frá því í mars á þessu ári undir heitinu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“. Fyrsti hluti verkefnisins snýr að svæðisáætlunum, annar hluti að innkaupum í úrgangsstjórnun og sá þriðji að kerfi sem nefnist „Borgað þegar hent er“ en í þeim hluta er unnið með þessari nýju gerð gjaldtöku.

Árangur nú þegar sjáanlegur

Verkefninu miðar vel áfram og hér verður farið í framvindu hvers og eins hluta.

1. Svæðisáætlanir

Fundað var með öllum þeim sveitarfélögum sem skráð voru í verkefnið í vor með það að markmiði að efla svæðisáætlanagerð þegar kemur að meðhöndlun úrgangs. Þau sveitarfélög sem taka þátt eiga von á að fá stöðumat á meðhöndlun úrgangs á sínu svæði

”

Breytt meðhöndlun úrgangs snýr ekki eingöngu að sveitarfélögum heldur einnig atvinnulífi.

sem byggð er á fyrrnefndum fundum og annarri samantekt á svæðinu.

Sveitarfélög hafa víða ákveðið að vinna að sameiginlegri svæðisáætlun, þ.e. sveitarfélög á Norðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum og í Skaftafellssýslum. Að auki hefur allur suðvesturhluti landsins, alls 32 sveitarfélög, lokið við gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar. Aldrei áður hefur verið jafn mikil samvinna við svæðisáætlanagerð.

2. Innkaup í úrgangsstjórnun

Haldinn var kynningar- og vinnufundur þann 31. maí síðastliðinn þar sem þátttakendur voru 60. Bæði var um kjörna fulltrúa og lykilstarfsfólk að ræða og þátttakendur fengu tækifæri til þess að endurspegla stöðuna á sínum svæðum.

Unnið er að sniðmáti fyrir innkaup á úrgangspjónustu en markmið



@Shutterstock.com

Þess er að vera leiðbeinandi þegar úrgangsjónustan er boðin út. Sniðmátið gerir ráð fyrir þeim breytileika sem er milli sveitarfélaganna og þeirra ólíku aðstæðna. Fyrsta sniðmátið sem líta mun dagsins ljós snýr að útboði á hirðu úrgang frá heimilum og grenndarstöðvum. Samhliða þessu verða góð ráð gefin fyrir útboðsgerð almennt.

3. Borgað þegar hent er kerfi

Þegar lögin taka gildi hinn 1. janúar 2023 er öllum sveitarfélögum skylt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, fast gjald má eingöngu vera það sem svarar til 50% af heildarfjárhæð gjalda og eftir árið 2025 má hlutfallið eingöngu vera 25%. Þetta er til þess gert að sá sem hendir mest borgi mest og að hvati sé til þess að flokka eins mikið og vel og hægt er.

Þann 5. maí síðastliðinn bauðst kjörnum fulltrúum og lykilstarfsfólki í úrgangsstjórnun sveitarfélaga að mæta til kynningar- og vinnufundar um BÞHE kerfi. Á fundinum var meginefnið niðurstöður á greiningu Eflu verkfræðistofu um BÞHE útfærslur.

Sambandið vinnur einnig að greiningu um hvernig best er að haga breytingum á álagningarkerfi fasteignagjalda til þess að koma til móts við lögin en gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs hafa hingað til verið innheimt í gegnum kerfið. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vinnur að þessari greiningu með sambandinu en stofnunin hefur tekið við þessum málaflokki frá Þjóðskrá.



Í október munu svo þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu fá aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er hvaða skref þurfi að taka til að undirbúa gildistöku þessara nýju lagaákvæða.

Hvað er fram undan?

En þótt það sjáist til lands þarf að halda áfram að róa. Alls svöruðu 45 sveitarfélög könnun sem sambandið framkvæmdi nýlega um meðhöndlun úrgangs og málefni hringrásarhagkerfisins. Svæðisáætlunarvinna er hafin á flestum stöðum í landinu og það verður spennandi að sjá hvernig sveitarstjórnir útfæra sínar áætlanir. Niðurstöður könnunarinnar sýna glögg að ekki skortir metnað fyrir því að gera vel og að vinna saman en til dæmis eru 39 sveitarfélög hlynnt því að flokkun verði samræmd um land allt. Sveitarfélög hafa unnið að innleiðingu nýju laganna en ljóst er að

innleiðing þeirra krafna sem nýju lögin innibera getur í einhverju mæli dregist fram yfir áramót. Vinnan er samt víðast á réttri leið og ágætær horfur á góðum árangri með sameiginlegu átaki.

Breytt meðhöndlun úrgangs snýr ekki eingöngu að sveitarfélögum heldur einnig atvinnulífi. Auknum kröfum um sérsöfnun fylgir kostnaður sem lögin gera ráð fyrir að verði mætt að hluta með aukinni framleiðendaábyrgð í gegnum starfsemi Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóði ber að sjá um umsýslu og ráðstöfun þeirra gjalda og skipta þeim til meðhöndlunaraðila, þar á meðal til sveitarfélaga. Mikilvægt er að sveitarstjórnir séu meðvitaðar um þennan tekjustraum og taki tillit til hans í samningum við þjónustuaðila sem annast meðhöndlun úrgangs fyrir þeirra hönd. Ella er hættá á því að umhverfissvænni og betri meðhöndlun úrgangs muni valda of miklum hækkunum á gjöldum sem almenningur greiðir til sveitarfélaga fyrir hirðu og aðra meðhöndlun úrgangs. Það er fyrst þegar framleiðendur og innflytjendur fá skýrar kröfur og fjárhagslega hvata sem þeir breyta hönnun og framleiðslu. Aðeins þá verður auðveldara að endurnýta vörurnar, gera við þær eða endurvinna þær.

Með sameiginlegu átaki sjáum við fram á mikinn ávinning sem felst í minni urðun og betri nýtingu auðlinda.



Hafnasambandsþing 2022

Haldið í Ólafsvík, Snæfellsbæ, dagana 27.-28. október 2022.

Dagskrá og skráningu má finna á vef Hafnasambands Íslands
www.hafnasamband.is



Ársfundur náttúruverndarnefnda

Ársfundur Náttúruverndarnefnda verður haldinn í Grindavík fimmtudaginn 10. nóvember 2022.

Á fundinum verður farið yfir hlutverk náttúruverndarnefnda, fjallað um hlutverk Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka náttúrustofa, auk þess sem fjallað um náttúruverndarmál.

Nánari upplýsingar verður að finna á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.



Skipulagsdagurinn

Skipulagsdagurinn, árleg ráðstefna Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipulagsmál, verður haldinn 17. nóvember næstkomandi. Að þessu sinni fer ráðstefnan fram í Háteigi hjá Grand hóteli við Sigtún 28 í Reykjavík og mun hún standa frá kl. 09:00 til 16:30.

Yfirskrift Skipulagsdagsins er **upplýsingar, gæði og skilvirkni**. Á Skipulagsdeginum verður sjónum beint að tveimur mikilvægum málefnum dagsins í dag:

Stafvæðingu skipulags og skipulagi bæjarumhverfis með áherslu á mannlíf, byggð og bæjarrými

Við hvetjum jafnt fagfólk sem áhugafólk um skipulagsmál til að taka daginn frá.

Dagskrá og frekari upplýsingar um skráningu verða birtar þegar nær dregur á vef sambandsins, www.samband.is.





FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA 2022

– haldin á Hilton Reykjavík Nordica 13. og 14. október –



Taktu mynd af QR kóðanum til að sjá
dagskrá fjármálaráðstefnu 2022.



Sveitarfélögin og flóttafólk

Heimsmyndin hefur breyst hratt á skömmum tíma. Stríðið í Úkraínu hefur hrakið milljónir manna frá heimilum sínum og er flóttamannastraumurinn í Evrópu orðinn sá mesti síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Óvissa ríkir í álfunni og ekkert bendir til annars en að flóttamönnum haldi áfram að fjölga. Samkvæmt upplýsingum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru 100 milljónir manna á flótta í heiminum og hafa aldrei verið fleiri.

Á Íslandi stefnir í metfjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd á þessu ári eða allt að 3.000 manns. Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að málefnum útlendinga og hafa lagt sig fram um að veita góða þjónustu í málaflokknum. Milli ríkis og sveitarfélaga verður því að vera gott samstarf í þessum efnum. Misbrestur hefur því miður orðið hvað þetta varðar. Bæði Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær hafa sent frá sér harðorðar ályktanir um skort á samráði af hálfu ríkisins. Þessu hefur ítrekað verið komið á framfæri við ríkisvaldið. Þrátt fyrir það hefur Útlendingastofnun komið sér upp leiguhúsnæði í Reykjanesbæ og Hafnarfirði fyrir hælisleitendur án þess að fjármagn hafi fylgt til grunnstoða samfélagsins, né að hlustað hafi verið á sjónarmið bæjarfélaganna.

Komið að þolmörkum

Nú er svo komið að bæði Reykjanesbær og Hafnarfjörður eru komin að þolmörkum hvað varðar þjónustu við flóttafólk. Það gengur ekki að ríkisstofnun viðhafi slíkt samráðsleysi í jafn stórum málaflokki og málefni flóttafólks eru orðin.

Í málefnum hælisleitenda verðum við að læra af reynslu annarra þjóða og þá einkum Norðurlandanna. Það vekur upp spurningar hvers vegna nú er svo komið að hælisumsóknir eru hlutfallslega flestar á Íslandi af öllum Norðurlandþjóðunum. Það er ljóst að sveitarfélögin geta ekki staðið



Margrét Þórarinsdóttir
Oddviti Umbótar Reykjanesbæ



Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að málefnum útlendinga og hafa lagt sig fram um að veita góða þjónustu í málaflokknum. Milli ríkis og sveitarfélaga verður því að vera gott samstarf í þessum efnum.

undir því þegar þau eru þegar komin að þolmörkum. Fyrir stríðið í Úkraínu voru umsóknir um hæli, miðað við íbúafjölda, fimmfalt fleiri á Íslandi en í Danmörku og Noregi. Það sjá það allir að slíkt gengur ekki upp til lengdar í fámennu landi eins og Íslandi. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti.

Ríkisvaldið verður að móta viðunandi stefnu varðandi móttöku flóttafólks sem við getum risið undir. Að öðrum kosti stefnir í óefni. Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að fullnægjandi samráð verði haft við sveitarfélögin í þessum efnum.

Síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.



Virkjum krafta nýliðanna



Einar Jón Pálsson
Forseti bæjarstjórnar í Suðurnesjabæ

Á fjögurra ára fresti eru fulltrúar kosnir til ábyrgðarstarfa fyrir sitt samfélag og í undanföllum kosningum hefur orðið mikil endurnýjun í hópi sveitarstjórnarfólks. Margir nýir fulltrúar eru kjörnir, en margir þeirra eru hættir að kjörtímabili liðnu, eða tveimur, en hvers vegna? Bent hefur verið á að ástæður séu starfskjör eða vinnutími og þær kröfur sem eru gerðar til okkar, en ekki síður það ónáði og oft og tíðum ófagar athugasemdir sem fylgja hinum ýmsu ákvörðunum sem við þurfum að taka. Þá þarf varla að nefna það hér að nóg er af sjálfskipuðum sérfræðingum sem eðlilega byggja oftast skoðun sína á

tilfinningum frekar en þeirri staðreynd að peningar eru víst af skörum skammti og þarf að forgangsraða.

Þar kemur að þeim þætti sem ég hef oft heyrt frá nýjum og kappsömum fulltrúum sem koma í sveitarstjórn. Þeir hafa sem betur fer allir áhuga á að bæta sitt nærsamfélag, vilja breytingar og oftast en ekki fylgja þeim góðu hugmyndum kostnaður. Staðan er oftast en ekki sú að framkvæmdafé er takmarkað hjá sveitarfélögum. Stærstum hluta tekna er þegar ráðstafað í rekstur og kostnað vegna eldri „góðra ákvarðanataka“. Þessir kappsömu fulltrúar komast fljótt að því að stjórnsýslan og fjármögnun hinna ýmsu verkefna tekur langan tíma og að margar góðar hugmyndir verða gjarnan að víkja fyrir öðrum mikilvægari verkefnum. Kraftur þessara góðu fulltrúa og áhugi leitar því oft annað.

Horfandi yfir salinn á landsþingi okkar á Akureyri velti ég því fyrir mér hvort endurnýjun sveitarstjórnarfulltrúa sé bara í hópi þeirra sem starfa í stuttan tíma, því mér fannst ég þekkja mjög mörg andlit í hópnum. Líklegt er þó að oddvitar í sveitarstjórnnum séu oftast reynsluboltarnir og þeir sitji landsþing. En er ekki

nauðsynlegt að nýir fulltrúar komi á svona þing eða sambærilegan vettvang? Eigum við kannski að huga að því að hafa annað þing þar sem nýja fólkið kemur saman og skiptist á skoðunum og lærir af fólki sem sambandið fær til að miðla af reynslu sinni? Eigum við kannski að setja kröfu á að hvert sveitarfélag tilnefni nýliða á þingið? Eigum við kannski að fjölga fulltrúum á landsþingi? Við þurfum að finna út hvernig við getum virkjað krafta þessa fólks og mannaúðinn sem í því býr og þannig nýtt áhuga þeirra á að bæta samfélagið, kannski án þess að það kosti of mikið. Við verðum að hafa í huga að þeirra er framtíðin.

”
Eigum við kannski að huga að því að hafa annað þing þar sem nýja fólkið kemur saman og skiptist á skoðunum og lærir af fólki sem sambandið fær til að miðla af reynslu sinni?

Hvers vegna eru kröfuhafar að flytja innheimtuna **til okkar?**



Vegna peninganna

Þjónusta Inkasso er gjaldfrjálst fyrir kröfuhafa. Ekkert árgjald og innheimtukostnaður í frum- og milliinnheimtu felldur niður orðalaust. Aukin skilvirkni og samtímauppgjör bæta fjárflæði.

Vegna vinnusparnaðar

Samþætting við bókhaldskerfi stuðlar að vinnusparnaði með því að gera starfsfólki kleyft að vinna með kröfur milliliðalaust innan úr bókhaldskerfi sem það þekkir.



Vegna viðskiptasambandanna

Fagleg meðhöndlun viðkvæmra mála, sveigjanleiki og fjölbreyttar lausnir ásamt stöðugum ánægju-mælingum skila góðum heimtum og ánægðum greiðendum.

Vegna samfélagsins

Við stundum samfélagslega ábyrga innheimtu með því að skapa verðmæti bæði fyrir kröfuhafa, greiðendur og samfélagið. Auk þess styðjum við 7 af 17 Heimsmarkmiðunum.



Komdu í hóp 3.000 ánægðra kröfuhafa. Við sjáum um allt ferlið - frá uppsögn hjá eldri innheimtuaðila til tengingar við kerfi og þjálfunar starfsfólks.